

Byggingar á Árskógsströnd byggð fyrir 1950

DREIFÝLIÐ		BYGG.ÁR	TEGUND	FASTANR.	LANDNR.	M2	M3
Stóru-Hámundarstaðir	(D)	1935	Einbýli	2156584	194672	149,70 m ²	
Litlu-Hámundarstaðir	(D)	1950	Íbúðarhús	2156524	152168	140,9 m ²	
Litlu-Hámundarstaðir	(D)	1930	Fjós	2156527	152168	114,00 m ²	
Hella	(D)	1931	Fjós	2156465	152154	110,00 m ²	327 m ³
Hella	(D)	1931	Hlaða	2156472	152154	42,60 m ²	226 m ³
Krossar	(D)	1921	Einbýli	2156502	152165	226,50 m ²	
Hinriksmýri	(D)	1918	Einbýli	2156708	152231	67,10 m ²	
Engihlíð	(D)	1934	Íbúð	2156440	152151	192,10 m ²	
Engihlíð	(D)	1946	geymsla		152151	98,3 m ²	
Engihlíð	(D)	1949	hlaða		152151	85,5 m ²	
Litli-Árskógr	(D)	1928	Íbúð	2156515	152167	217,40 m ²	
Litli-Árskógr	(D)	1935	Fjós	2156516	152167	119,40 m ²	312 m ³
Litli-Árskógr	(D)	1935	Mjólkurhús/fóð	2156522	152167	18,70 m ²	50 m ³
Litli-Árskógr	(D)	1947	hlaða		152167	78,1 m ²	
Vallholt	(D)	1950	Íbúðarhús	2156609	213526	91,6 m ²	
Brattavellir	(D)	1944	hesthús	2156419	152148	44,6 m ²	
Brattavellir	(D)	1944	geymsla		152148	45,6 m ²	
Brattavellir	(D)	1945	hlaða		152148	45,7 m ²	
Brattavellir	(D)	1950	Íbúðarhús	2156421	152148	208,8 m ²	
Kleif	(D)	1900	torfbær		152164		
Stærri-Árskógskirkja	(D)	1928	Kirkja	2156605	152179	104,70 m ²	562 m ³
Árskógskóli	(D)	1928	Félagsheimili'88	2156800	152289	698,20 m ²	
Brimnes	(D)	1929	Geymsla	2156432	187795	91,60 m ²	455 m ³
Brimnes land	(D)	1947	hlaða		187794	19,2 m ²	
Syðri-Ás	(D)	1949	Íbúðarhús	2156806	152290	125,5 m ²	
Syðri-Ás	(D)	1949	Geymsla		152290	19,8 m ²	
Selá	(D)	1937	Íbúð	2156543	152170	136,00 m ²	
Selá	(D)	1937	Hlaða	2156546	152170	45,30 m ²	
Selárbakki	(D)	1942	Íbúðarhús	2156553	152573	144,0 m ²	
Selárbakki	(D)	1950	geymsla		152173	88,8 m ²	
Selárbakki	(D)	1950	geymsla		152173	70,3 m ²	
Hátún	(D)	1950	fjós		219492	62,0 m ²	
Ytra-Kálfskinn	(D)	1934	Íbúð	2156483	152160	144,20 m ²	
Syðra-Kálfskinn	(D)	1934	Einbýli	2156562	192731	111,40 m ²	
Syðra-Kálfskinn	(D)	1948	fjárhús		192731	73,1 m ²	
Syðra-Kálfskinn	(D)	1948	hlaða		192731	59,6 m ²	
Gata	(D)	1948	Íbúðarhús	2156570	205160	69,0 m ²	
Ytri-Vík	(D)	1932	Ytri-Vík	2156494	152163	223,30 m ²	
Ytri-Vík	(D)	1940	Geymsla	2156496	152163	69,10 m ²	210 m ³
Víkurbakki	(D)	1947	Íbúðarhús	2156613	152181	126,5 m ²	
Víkurbakki	(D)	1947	fjós				
Víkurbakki	(D)	1947	fjárhús				
Víkurbakki	(D)	1947	Geymsla				
Sólbakki	(D)	1940	Sólbakki	2156492	152162	40,00 m ²	135 m ³

Byggingar á Árskógsströnd byggð fyrir 1950

LITLI-ÁRSKÓGSSANDUR		BYGG.ÁR	TEGUND	HEITI	FASTANR.	LANDNR.	M2
Aðalbraut 1	(Á)	1932	Einbýli	Hólanes	2156710	152232	150,60 m2
Aðalbraut 2	(Á)	1937	Einbýli	Svalbarð	2156729	152241	171,00 m2
Aðalbraut 3	(Á)	1948	Einbýli	Pálmlundu	2156719	152237	215,0 m2
Aðalbraut 8	(Á)	1942	Einbýli	Sandgerði	2156720	152238	159,1 m2
Aðalbraut 8		1942	Bílskúr				35,3 m2
Árgerði	(Á)	1940	Einbýli	Árgerði	2156699	152225	105,60 m2
Árgerði	(Á)	1940	Geymsla		2156701	152225	44,10 m2
Árbakki	(Á)	1945	Íbúð	Árbakki	2156697	152223	88,5 m2
Viðarholt	(Á)	1940	Einbýli	Viðarholt	2156738	152246	78,40 m2
Árbrekka	(Á)	1934	Sumarh	Árbrekka	2353310	222787	52,0 m2
Ártún	(Á)	1935	Íbúð	Ártún	2156702	152226	60,70 m2
Ártún	(Á)	1935			2156703	152226	10,20 m2
Ægisgata 3	(Á)	1934	Íbúð	Árnes	2156712	152234	107,80 m2
Ægisgata 3	(Á)	1950	Íbúð	Árnes	2156713	152234	125,6 m2
Ægisgata 9	(Á)	1933	Íbúð	Skógarnes	2156722	152239	117,00 m2
Ægisgata 15	(Á)	1934	Íbúð	Sæland	2156733	152243	89,00 m2
Ægisgata 19	(Á)	1945		Sæborg	2156730	152242	123,4 m2
Lækjarbakki	(Á)	1935	Sumar	Lækjarbak	2156714	152235	39,00 m2

HAUGANES		BYGG.ÁR	TEGUND	HEITI	FASTANR.	LANDNR.	M2
Hafnargata 3	(H)	1940	Fiskverkunarhús		2156672	152211	97,90 m2
Sandvík	(H)	1926	Einbýli	Sandvík	2156791	152282	108,40 m2
Móland	(H)	1935	Einbýli	Móland	2156788	152280	94,50 m2
Aðalgata 1	(H)	1938	Einbýli	Garður	2156761	152261	222,60 m2
Aðalgata 3	(H)	1935	Íbúð	Ásgarður	2156756	152257	85,60 m2
Aðalgata 3	(H)	1935	Íbúð	Ásgarður	2156757	152257	78,30 m2
Aðalgata 4	(H)	1948	Einbýli	Ásbyrgi	2156754	152256	173,4 m2
Aðalgata 5	(H)	1940		Setberg	2156718	152236	143,90 m2
Aðalgata 6	(H)	1934	Íbúð	Selvík	2156792	152283	125,4 m2
Aðalgata 8	(H)	1944	Íbúð	Hóll I	2156779	152275	86,8 m2
Aðalgata 8	(H)	1944	Íbúð	Hóll II	2156780	152275	143,4 m2
Aðalgata 11	(H)	1927	Íbúð	Steinnes	2156796	152285	110,20 m2
Nesvegur 2	(H)	1950	Íbúð	Gilsbakki	2156771	152269	179,6 m2

Stóru-Hámundarstaðir 1935, Einbýli fastanr. 2156584

landnr. 194672 149,70 m²

1949 og 1950 Fjós byggt

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Stóru-Hámundarstaðir – okt. 1935.

Eigandi Davíð Sigurðsson og seinna Haraldur Davíðsson. Íbúðarhús úr timbri á kjallara úr einfaldri steinsteypu. Húsið er allt járnklætt. Innréttning á hæðinni, ein stofa, þrjú svefnherbergi, eldhús og fataskápur. Forstofa í tvennu lagi. Einnig inngangur í kjallara. Kjallarinn er notaður til geymslu, nema eitt herbergi hans er notað fyrir eldhús. Kjallaranum er að mestu skipt með steinskilrúnum. Stærð: 8,5 x 7,7 x 6,0 m. Við norðurhlið hússins er skúr úr timbri með timbur og járnþaki og steingólf. Stærð: 3,0 x 2,7 x 2,5 m.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Davíð Sigurðsson. Íbúðarhús byggt 1934 úr timbri á steinsteyptum kjallara. Járnbak. Allt húsið járnklætt. Á hæðinni 4 herbergi, eldhús og forstofa. Kjallari 5 skiptur. Miðstöð. Stærð: 8,5 x 7,7 x 5,5 m. Skúr úr timbri með járnþaki. Stærð: 3,0 x 2,7 x 2,5 m. Fjós fyrir 8 kýr úr torfi. Fjárhús fyrir 130 fjár úr torfi. 2 þurrheyshlöður 250 m3. úr torfi.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Davíð Sigurðsson. Tún 9,0 hestburðir, sæmilegt. Töðufall 5 síðustu ára um 250 hestburðir. Áhöfn 7 kýr, 100 kindur og 2 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 1,5 karlmenn, 2 stúlkur, 1 unglungur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri á steinsteyptum kjallara, járnþak. Allt húsið járnklætt. 196 m3. Á hæð, fjögur herbergi, eldhús og forstofa. Í kjallara fimmskiptur. Stærð: 8,5 x 7,7 x 5,5 m. Skúr úr timbri og járnþaki. Stærð: 3,0 x 2,7 x 2,5 m.



Stutt saga húss:

Hámundastaða er fyrst getið í Landnámu en þar segir sagan að Helgi magri og Hámundur heljarskinn hafi gengið á land og haft vetursetu sinn fyrsta vetur á Íslandi. Samkvæmt þeim heimildum eru Hámundarstaðir því elsta bújörð við Eyjafjörð. Utarlega í landi Stóru-Hámundastaða stóð Hólskot eða Stóriháls sem farið var í eyði á 17. öld. eru þar nú friðlýstar minjar. Davíð Sigurðsson (1872-1951) og María Jónsdóttir (1872-1950) tóku við búi á Stóru Hámundarstöðum 1910 af foreldrum hans. Þau keyptu jörðina af ríkinu 1921 og byggðu nýtt íbúðarhús eftir að gamli torfbærinn hrundi í jarðskjálftanum 2. Júní 1934. Húsið var byggt úr timbri á steinsteyptum kjallara með járnþak. Allt húsið járnklætt. 196 m3. á hæð, fjögur herbergi, eldhús og forstofa. Kjallari fimmskiptur. Smiður hússins var Stefán Einarsson á Litlu-Hámundarstöðum. Árið 1943 tók sonur þeirra, Haraldur (1907-1993) og kona hans Anna Baldvinsdóttir (1919-2010) við búskap á Stóru Hámundastöðum. Núverandi ábúendur eru skógarbændurnir Baldwin, sonur Haraldar og Önnu, og kona hans Elín Lárusdóttir. Þau hófu búskap 1976. Árið 1990 byggðu þau sér nýtt íbúðarhús, nokkru norðar en hið gamla en Anna bjó áfram í gamla bænum eftir að Haraldur féll frá þangað til hún flutti á Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík 20???. Frá árinu 2007 leigir Snorri Snorrason ábúandi á Krossum, jörð og búrekstur, annan en skógrækt.

Athugasemd um húsið:

Mjög litlar breytingar hafa verið gerðar á gamla húsinu á Stóru-Hámundarstöðum. Skipt hefur verið um járn á hluta af þaki hússins, annars er járnið á húsinu upphaflegt. Skipt var um alla glugga hússins í kringum 1980 og þeim breytt þannig að í stað glugga sem skipt var með tveimur standandi og tveimur liggjandi póstum í 9 jafnstór hólf, komu gluggar með tveimur standandi og einum liggjandi pósti sem skipti gluggunum í þrjú jafnstór hólf að neðan og þrjú helmingi minni að ofan, með lausu fagi í öðru endahólfinu að ofan.



Athugasemd um umhverfi húss:

Gamall garður er sunnan og vestan húss með gömlum og virðulegum birki og reynitrjám. Garðurinn er girtur með timburrömmum og víneti.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1909-1951 -1950	Davíð Sigurðsson María Jónsdóttir	Ingólfur (1903) Steinunn (1905) Haraldur (1907) Bergþóra (1909) Erlingur (1912) Hámundur (1917)
1943-1993 -2011	Haraldur Davíðsson Anna Baldvinsdóttir	María (1941) Davíð Hjálmar (1944) Baldvin (1947) Hjördís Guðrún (1949)
1950-1951	Kristjana Sæmundsdóttir (starfsstulka)	
1958-1959	Stefán Baldwinsson	
2011-2012	Davíð Hjálmar Haraldsson Hjördís Guðrún Haraldsdóttir	
2011 og enn	Baldvin Haraldsson Elín Lárusdóttir	Haraldur Lárus (1967) Bjarki Þór (1972) Brynjar Örn (1975)

Litlu-Hámundastaðir 1950. Íbúðarhús
1930. Fjós

fastanr. 215627

landnr. 152168

114,00 m²

Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi, Valgerður Sigfúsdóttir. Íbúðarhús, baðstofa úr torfi þilstafn torfþak. Stærð, 10 x 3,8 x 3,0 m. Eldhús. Stærð, 4,0 x 3,0 x 2,5 m. Búr. Stærð, 4,5 x 3,5 x 4,0 m. Framhús úr timbri á 1 hæð, port, ris og kvistur. Járnbak. Stærð, 8,5 x 4,0 x 5,0 m. Geymsla milli húsa, járnþak. Stærð, 4,0 x 2,0 x 2,0 m. Fjós fyrir 10 kýr, steinsteypt með járnþaki, nýtt. Þvagr-gryfja 32 m³ steypt með járnþaki. Hesthús fyrir 4 hesta úr torfi. Fjárhús fyrir 90 fjár úr steypu og torfi. Þurrheyshlaða 85 m³, úr torfi, gömul. Þurrheyshlaða 150 m³, steypt með járnþaki.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Litlu-Hámundarstaðir – apríl 1934 Eigandi Valgerður Sigfúsdóttir. A: Baðstofa í þrennu lagi, skipt með timburskilrúnum. Alþiljuð með þilstöfnum. (Hin tryggðu eru Svanlaugur Þorsteinsson, Stefán Einarsson, Valgerður Sigfúsdóttir og Friðrik Þorsteinsson).

Vátryggt þann 27/2 1950 er hús í smíðum til 29/9 1950.

Húsið er byggt úr R-steini á steyptum grunni. Þak timbur, pappi og járn. Í húsinu er 1 stofa, 3 svefnherbergi, smíðastofa og geymsla, auk eldhúss og forstofu. Húsið er notað til ibúðar og geymslu. Í húsinu er miðstöð og vatnsleiðsla.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Valgerður Sigfúsdóttir. Tún 6,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 200 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 70 kindur og 3 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 1 karlmaður, 2 stúlkur, 1 unglungur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Fjós fyrir 10 kýr steinsteypt með járnþaki. Safnþró 32 m² steinsteypt með járnþaki.



Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Litlu-Hámundarstaðir – Sept. 1950. Eigandi Stefán Einarsson. Hús byggt úr R-steini á steyptum grunni. Þak úr timbri. Pappa og járni. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Í húsinu eru: ein stofa, þrjú svefnherbergi, smíðastofa og geymsla, auk eldhúss og forstofu.

Stutt saga húss

Hámundastaðir var ein jörð fram undir 1700, en var þá skipt í Litlu- og Stóru-Hámundastaðir. Í Reitsvík skammt sunnan og neðan við bæinn, er talið að Helgi magri og Hámundur heljarskinn hafi stigið fyrst á land samkvæmt frásögn Landnámu. Á fjórða áratug síðustu aldar var bryggja við Reitsvíkina og gerðir út trillubátar frá Litlu-Hámundarstöðum.

Þorsteinn Þorsteinsson (1874-1932) og Valgerður Sigfúsdóttir (1879-1946) bjuggu á Litlu-Hámundastöðum frá 1911. Þau byggðu fjós 1930 sem enn stendur. Eftir að Þorvaldur lést, bjó Valgerður áfram með börnum sínum til 1942. Þá tók dóttir þeirra, Anna (1909-1994) og maður hennar Stefán Einarsson (1902-1958) við búi á Litlu-Hámundarstöðum. Þau byggðu íbúðarhúsið sem enn stendur árið 1950. Húsið er á einni hæð, 327 m³, hlaðið úr R-steini á steyptum grunni i.

Þak úr timbri, pappa og járni. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Í húsinu er ein stofa, þrjú svefnherbergi, smíðastofa og geymsla, auk eldhúss og forstofu. Eftir að Stefán lést bjó Anna áfram ásamt börnum sínum til 1962 þegar hún selur þeim Jóni Guðmundssyni (1921-2009) og Rannveigu Þórssdóttur (1929-2000) jörðina. Jón brá búi 2000 eftir að Rannveig lést sviplega í bílslysi og við tók sonur þeirra, Ingi Steinn og rak hann búskap þar til 2007. Frá 2008 hefur annar sonur Jóns og Rannveigar, Valdimar Þór átt Litlu-Hámundarstöðum en búskap var hætt 2014.



Athugasemd um húsið:

Árið 1975-6, meðan Jón og Rannveig áttu Litlu-Hámundarstaði fauk hluti að þaki íbúðarhússins og var þá sett nýtt járn á hluta þaksins. Árið 1983, létu þau klæða húsið að utan með borðlaga stálklæðningu. Það var Sveinn Jóhann Þorsteinsson frá Hálsi sem vann það verk. Um svipað leiti var farið í að lagfæri glugga, skipta um gler og setja nýja lista en þeim var ekki breytt. Þetta verk vann Jóhann Sigurðsson, móðurbróðir Rannveigar. Eftir að Valdimar tók við búinu 2008 skipti hann um alla glugga í húsinu og breytti þeim þannig, að þar sem áður voru gluggar með tveimur standandi póstum og einum liggjandi sem skiptu glugganum í tvö mjórri hólf til hliðanna og breiðara í miðju og minni hólf að ofan og laust fag í miðhólf að ofan. Í staðinn komu gluggar með einum standandi pósti sem skiptu glugganum í eitt stórt hólf og annað mjótt til hliðar með lausu fagi. Fjósið og hlaðan sem byggð voru 1930 og voru þá aðskilin rými undir sitthvoru þakinu, voru milli 1980 og 90 sameinuð undir eitt þak og hafa verið nýtt síðan sem hlaða.



Athugasemd um umhverfi húss:

Í dag er jörðin nytjuð frá Stærra-Árskógi og húsið hefur staðið autt í þrjú ár og ber umhverfi hússins þess merki

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1933-1958 -1962	Stefán Einarsson Anna Þorsteinsdóttir	Rósa (1930) Valgeir Þór (1934) Pálmi (1936) Anna Lilja (1938) Svandís (1943) Steingrímur Eyfjörð (1946) Stefán Páll (1948)
1956-1958	Rósa Stefánsdóttir	Anna Soffía Haraldsdóttir (1957)
1962-2000	Jón Þorsteinn Guðmundsson Rannveig Þórsdóttir	Hólmfríður Ósk (1952) Solveig Olga (1954) Kristín Erna (1960) Ingi Steinn (1961) Valdimar Þór (1964) Guðmundur Geir (1972)
2001-2007	Ingi Steinn Jónsson Luzvinda Agliday Diocko	
2008 og enn -2014	Valdimar Þór Jónsson Steinunn Þórisdóttir	Elín Ósk Arnardóttir (1995) Helena Rut Arnardóttir (1998)

Hella	1931	Fjós	2156465	152154	110,00 m ²
	1931	Hlaða	2156472	152154	42,60 m ²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hella – apríl 1934. Eigandi Kristján E. Kristjánsson. A: Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu. Ein hæð og kjallari undir mestöllu húsinu, hátt ris og kvistur. Stærð húss: 8,8 x 8,4 x 9,0 m. B: Við norðurhlið hússins er heyhlaða úr einfaldri steinsteypu á tvo kanta, timbur og járn á tvo. Stærð: 5,7 x 3,7 x 5,0 m. C: Áfast við hlöðuna og húsið er fjós, með torfveggi á tvo kanta og þakið úr járni og torfi. Stærð: 6,0 x 3,5 x 2,5 m. D: Austan hússins er geymsla úr torfi og timbri. Stærð: 10,0 x 3,5 x 3,0 m.



Virðing 29/10 1950. A: Útihús. Viðbygging við hlöðu. Stærð: 14,0 x 6,5 x 7,0 m. B: Fjós hlaðið úr R-steini, þakið úr timbri og tjörupappa. Stærð: 11,0 x 8,5 x 3,2 m. C: Anddyri og snyrtiklef. Hlaðið úr R-steini með timbur og járnþaki. Stærð: 4,0 x 3,0 x 2,5 m.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Kristján E. Kristjánsson. Tún 7,5 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 220 hestburðir. Áhofn 6 kýr, 80 kindur og 3 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 2 karlmenn, 2 konur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1931 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kvistur, ris og kjallari undir mestöllu húsinu.



370 m3. Aðalhæð þrjú herbergi, eldhús og gangur. Lofthæð fimm herbergi, eldhús og gangur. Stærð: 8,8 x 8,4 x 7,0 m. Fjós fyrir 8 kýr steinsteypt með járnþaki önnur hlið. Haughús 45 m3 úr steinsteypt, járnþak. Fjóshlaða 450 m3 steinsteypt með járnþaki.

Stutt saga húss

Hellu er getið í Svarfdælasögu, Valla-Ljóts sögu, í Bollaþætti og Landnámu. Á Hellu var hálfkirkja. Bærinn stendur á hæð skammt austan við þjóðveginn. Hjónin Kristján Eldjárn Kristjánsson (1882-1979) og Sigurbjörg Jóhannesdóttir (1884-1952) bjuggu á Hellu frá 1912 til 1952. Árið 1931 létu þau hýsa jörðina upp. Íbúðarhús, úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kjallari undir mestöllu húsinu, hátt ris og kvistur. Fjós fyrir 8 kýr steinsteypt með járnþaki önnur hlið. Haughús 45 m3 úr steinsteypt með járnþaki. Fjóshlaða 450 m3 steinsteypt með járnþaki. Íbúðarhúsið brann 1958, og var þá byggt nýtt íbúðarhús, tveggja hæða steinhús en eldra húsið var nýtt áfram sem útihús og stendur enn.



Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1914-1952	Kristján Jónsson Guðrún Jóhanna Vigfúsdóttir Kristján Eldjárn Kristjánsson Sigurbjörg Jóhannsdóttir (kjörbarn)	Þuríður Helga (1915) Snorri Eldjárn (1917) Sigriður (1920) Jóhannes Reykjalín (1926) Guðrún Sigriður Ottósdóttir (1929)
1930-	Hallgrímur Óli Jóhannesson l.m. Sigurvin Sölvason v.m. Valentín Sölvason v.m. Ólafía Halldórsdóttir v.k.	
194?-1950	Þórunn Friðrika Vernharðsdóttir	
194?-1950	Sigurður Anton Ólason	
1951-1960	Jóhannes Reykjalín Kristjánsson Ingunn Guðrún Kristjánsdóttir	Anna Sigurbjörg (1951) Kristján Eldjárn (1954) Hrönn (1958)
1960-1961	Benidikt Guðmundsson	
1960-1967	Jóhannes Sölvi Sigurðsson Halldóra Ólafsdóttir	Jóhanna Lind Ásgeirs dóttir (1954) Guðmundur Sigurður (1958) Björn (1960) Rannveig M (1961) Guðbjörg Sólveig (1963)
1967-1970	Friðgeir Ingibjörn Jóhannsson Elíngunnur Þorvaldsdóttir	Stefán Ragnar (1947) Jóhann Þór (1949) Rebekka Sigriður (1954) Ragnheiður Rut (1962)
1969-1970	Hrefna Gróa Snæhólm (1954)	
1970-1981	Ásólfur Geir Guðlaugsson Erla Tryggvadóttir	Tryggvi Rúnar Guðjónsson (1965) Guðlaugur Axel (1969)
1981-2001	Kristján Snorrason Lilja Finnsdóttir	Kristjana (1978) Snorri (1980) Elva Ýr (1984)
2001-2002	Höfðafell ehf	
2002 og enn	Sigurbjörn Bjarnason	
2002 og enn	Sigríður Gunnlaugsdóttir	
2002 og enn	Ingvar Örn Sigurbjörnsson	
2002 og enn	Eyrún Rafnsdóttir	

Krossar 1921. Íbúðarhús fastanr. 2156502 landnr. 152165 226,50 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Krossar – apríl 1934. Eigandi Ólafur Þorsteinsson. A: Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, kjallari og ein hæð með mjög háu risi. Kjallaranum skipt með steinskilrúnum, en á hæðinni er eitt skilrúm úr steini. Á hæðinni er forstofa, eldhús, dagsstofa, svefnherbergi, símstöð og skrifstofa. Efri hæðinni er skipt í eldhús og fimm herbergi. Stærð: 8,5 x 7,3 x 9,0 m. B: Norðan við húsið er forstofa úr einfaldri steinsteypu með litlu risi, timbri, pappa og járnþaki. Stærð: 5,2 x 2,4 x 3,0 m.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Jóhann Tr. Ólafsson. Íbúðarhús byggt 1935 úr tvöfaldri steinsteypu. Kjallari og ein hæð, hátt ris og járnþak. Stærð: 8,5 x 7,3 x 7,5 m. Aðalhæð 4 herbergi, forstofa, eldhús. Loftahæð 5 herbergi, forstofa og eldhús. Viðbyggður steinskúr með járnþaki. Stærð 5,2 x 2,4 x 3,0 m. Fjós fyrir 7 kýr úr torfi. Fjárhús fyrir 95 fjár úr timbri og járni. Þurrheyshlöður 320 m³. 2 úr torfi með járnþaki, úr torfi með torfþaki.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Jóhann Tr. Ólafsson. Tún 7,6 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 200 hestburðir. Áhofn 6 kýr, 45 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1,5 konur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1925 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kjallari, hátt ris, járnþak. 310 m³. Fjögur herbergi, forstofa og eldhús á aðalhæð. Fimm herbergi, forstofa og eldhús á loftahæð. Stærð: 8,5 x 7,3 x 7,5 m. Viðbyggður steinsteypuskúr með járnþaki. Stærð: 5,2 x 2,4 x 3,0



Stutt saga húss:

Í Vísitáugerð Jóns biskups Vilhjálmssonar 1429 kemur fram að Krossar eiga sókn til Árskógar. Í maí 1486 erfir Sveinn Sumarliðason eftir afa sinn Eirík Loftsson á Grund margar jarðir, m.a. Krossa og Hellu. Gamli bærinn á Krossum sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð um 30 m sunnan og ofan við það íbúðarhús sem nú stendur á Krossum I.

Ólafur Magnús Þorsteinsson (1884-1937) bóndi, kennari og símstjóri og kona hans Ásta Þorvaldsdóttir (1876-1963) bjuggu á Krossun frá 1909 til 1937 þegar Ólafur dó. Þau létu byggja íbúðarhús 1925 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð og kjallari, hátt ris, járnþak. 310 m³. Fjögur herbergi, forstofa og eldhús á aðalhæð. Fimm herbergi, forstofa og eldhús á loftahæð. Viðbyggður steinsteypuskúr með járnþaki. Hönnuðir hússins á Krossum er Halldór Halldórsson, arkitekt frá Garðsvík og ber þak hússins hans einkenni, bogalagað risþak. Sonur þeirra Ólafs og Ástu, Jóhann Tryggvi (1911-1974) og kona hans Guðný Gunnarsdóttir (1905-1984) tóku við búi á Krossum eftir að Ólafur féll frá. Þau brugðu búi 1941 og fluttu til

Reykjavíkur og næstu ár voru ör ábúandaskipti á Krossum og ekki fyrr en Baldvin Arngrímsson (1885-1975) áður bóndi á Klaufabrekum í Svarfaðardal og kona hans Margrét Kristjánsdóttir (1894-1975) taka við búsforræðum og sitja í átta ár að festa kemst á að nýju. Þegar þau hætta og flytja til Dalvíkur kemur Snorri Kristjánsson (1917-1987) frá Hellu og kona hans Guðlaug Gunnlaugsdóttir (1934) en Snorri hafði eignast Krossa 1945 en hóf þar ekki búskap fyrr en 1952. Þau hófust þegar handa við að byggja upp jörðina þannig að á átta fyrstu búskaparárum þeirra endurnýjuðu þau allan húsakost á Krossum nema íbúðarhúsið. Eftir að Snorri fíll frá, hélt Guðlaug áfram búskap á Krossum í félagi við yngsta son sinn, Snorra. Árið 2000 keypti Snorri hlut móður sinnar í jörðina og flutti Guðlaug til Dalvíkur en Snorri rak um tíma húsdýragarð á Krossum. Enginn búskapur en nú á Krossum.



Athugasemdir um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á íbúðarhúsinu frá upphafi en því hefur verið haldið vel við. Um 1940 var byggt við norðurstafn hússins inngangsskúr úr steini með járnþaki. Miklu seinna var svo byggður annar skúr á austurhlið hússins, úr timbri klæddur fíberplasti bæði á hliðum og þaki. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og þeim breytt.



Athugasemdir um umhverfi húss:

Sunnan við húsið er gamall trjágarður með stórum reynitrjám. Þar er einnig stór sólpallur út timbri sem er umgirtur með timbur skjólveggjum á þrjá vegu.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1910-1938	Ólafur Magnús Þorsteinsson Ásta Sigurlaug Þorvaldsdóttir	Sigurlaug (1909) Jóhann Tryggvi (1911) Sigurjón (1913) Margrét (1917)
-1938 -1938	Snjólaug Björg Þorvaldsdóttir Jón Oddson (fjárhirðir)	
1931-1932	Marinó Steinn Þorsteinsson Guðmundína Ingibjörg Einarsdóttir	Valgerður (1927)
1937-1941	Jóhann Tryggvi Ólafsson Guðný Gunnarsdóttir	Erla Jóhannsdóttir (1937)kjörbarn Hallgrímur Pétursson (1927)tökub

1941-1942	Aðalsteinn Gunnarsson Valgerður Stefánsdóttir	
1942-1944	Gunnar Hlíðar Ingunn Hólfríður Sigurjónsdóttir	
1944-1946	Jóhannes Kristján Sigurðsson Laufey Sigurpálsdóttir	
1946-1947	Sigurpáll Sigurðsson Halldóra Guðmundsdóttir	
1947-1948	Valentínus Sölvason Sigríður Ingjaldsdóttir	
1948-1956	Baldvin Arngrímsson Margrét Kristjánsdóttir	Stefán (1932)
1952-1987 -2000	Snorri Kristjánsson Anna Soffía Sigurlaug Gunnlaugsdóttir	Kristján (1954) Sigurbjörg (1956) Haukur (1958) Freygerður (1961) Anna Guðrún (1965) Snorri (1970)
1952-1953	Þóra Guðrún Marinósdóttir	
1952-1954	Gunnþór Pétur Pétursson v.m.	
1956-1958	Sigurður Sveinbjörnsson	
1960-1970	Kristján Eldjárn Kristjánsson	
1960-1961	Jón Friðriksson	
1987 og enn	Snorri Snorrason	

Hinriksmýri 1918, íbúðarhús

fastanr. 2156708

landnr. 152231

67,1 m²

Virðing 1918

Árið 1918 hinn 14 febrúar var tekið fyrir að meta til verðs þurrabúðir í Litla-Árskógslandi sem skoðaðar voru 5 júní s.l.

Hinriksmýri. Eigandi og notandi Þorvaldur Jónsson. Hús: Íbúðarhús úr torfi og timbri með pappaþaki og steyptum kjallara, 14 x 6 ál. Timbureskúr 5 x 4 ál. Fjós fyrir 2 kýr. Fjárhús yfir 22 kindur. 2 kofar. Lóð, ómæld og ógirt. Lóðargjald kr. 15.- Býlið er metið þannig: Hús kr. 3000.- lóðarafnot kr. 300.- Alls kr. 3.300.-



Úr skýrslu jarðskjálftanefndar 1935:

Íbúðarhús, framhlið úr timbri, norðurstafn og vesturhlið veggjar úr steinsteypu, hæð á norðurstafni 2,8 m. breidd 4,5 m. en hliðveggur 8,0 x 3,0 m. nýsteypt. Kjallari steyptur, en er nú mjög mikið sprungin ofan kjallara og kliðveggur gefið sig mikið sundur. Suðurhluti hússins er úr timbri og grjóti óskemmd. Múrpípur tvær hafa mikið sprungið

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hinriksmýri – apríl 1934. Eigendur Jóhann Jóhannesson og Jón Salómonsson. A: Timbur og steinhús. Ein hæð á steyptum kjallara með port og kvisti. Á hæðinni er inngangur og tvær stofur, báðar notaðar fyrir eldhús. Á lofti eru þrjú herbergi, notuð fyrir svefn- og dagstofur. Helmingur af annarri hlið hússins er úr steini. Stærð: 9,0 x 4,0 x 6,5 m. B: Við norðurenda hússins er viðbygging úr einfaldri steinsteypu með skúrbaki úr timbri og tjörupappa. Stærð: 4,0 x 3,5 x 3,0 m. Viðbygging þessi er séreign Jóhanns Jóhannessonar. C: Viðbygging sunnan íbúðarhúss. 2 veggir úr steinsteypu. Annars timbur. Ein hæð. Stærð: 4,0 x 3,5 x 3,5 m. Séreign Jóns Salómonssonar.



Virðingarblöð frá 1938-41

Hinriksmýri (I): eigandi og ábúandi Jón Salómonsson. Íbúðarhús byggt 1918 úr timbri á steyptum kjallara, port og kvistur og pappaþak. Stærð á ½ húsi 4,5 x 4,0 x 5,7 m. Hæðin, gangur, 2 stofur og eldhús. Loft, 3 herbergi. Samþyggt. Fjárhús fyrir 25 fjár af torfi. Þurrheyshlaða 40 m³ af torfi og timburhliðum.



Hinriksmýri (II): eigandi og ábúandi Jóhann Jóhannesson. Íbúðarhús byggt 1918 úr timbri á steinsteyptur kjallara, port og kvistur og

pappaþak. Stærð á ½ húsinu $4,5 \times 4,0 \times 5,7$ m. Fjárhús fyrir 15 fjár af torfi. Þurrheyshlaða 30 m³ af torfi og timburhlið.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Jón Salómonsson. Tún 1,0 hestburðir, leirblöndur. Töðufall 5 síðustu ára um 150 hestburðir. Áhöfn 20 kindur. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1918 úr timbri á ½ kjallara, port og kvistur, pappaþak. 103 m³. Á hæðinni er gangur. Tvær stofur og eldhús. Þrjú herbergi á lofhæð. Stærð: $4,5 \times 4,0 \times 5,7$ m. Viðbyggður steinsteypuskúr með járnþaki. Stærð: $4,0 \times 3,5 \times 3,0$ m.

Árskógsströnd - grein í Dagi 1966 (Erlingur Davíðsson)

Nyrsta bæ á þessu svæði við sjóinn byggði maður sá, er Salómon hét. Bær sá var fyrst nefndur Jerúsalem og komst það nafn í kirkjubækur. En sjálfur skýrði hann bæinn Hinriksmýri og er þar enn búið. En Salómon sá, er hér getur, var nýfæddur borinn út og látið í snjóskafli. Gerðist sá atburður í Svarfaðardal, en bóndi fann drenginn sem átti lengra líf fyrir höndum og átti afkomendur á Árskógsströnd. Skeð getur, að Hrani á Birnunesi hafi veginn verið skammt frá þeim stað, sem Salómon löngu síðar byggði bæ sinn, eða á akri Þórarins á Hellu. Ekki vita menn um Hranareka, þar sem Hrani var dysjaður, en nafngiftin Hinriksmýri mun hafa verið sótt til þessara fornu sagna en nafnið breyst í meðförum.



Fundargerð umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar 11/11/2015

Til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi vegna niðurrifs á Hinriksmýri Árskógsströnd. Umhverfiráð samþykkir, og felur sviðsstjóra að veita umbeðið leyfi. Helga Íris Ingólfssdóttir óskar eftir að eftirfarandi sé bókað:

Það er leitt að sjá á eftir elsta húsi Árskógsstrandar. Mikilvægt er að sveitarfélagið móti sér stefnu í varðveislu gamalla húsa.

Helga Íris Ingólfssdóttir og Kristín Dögg Jónsdóttir sitja hjá.

Fundargerð sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar 24/11/2015

Umsókn um byggingarleyfi vegna niðurrifs á Hinriksmýri, Árskógsströnd. Til máls tók: Kristján E. Hjartarson, sem gerði grein fyrir að hann mun sitja hjá við afgreiðslu á þessum lið. Kristján óskar eftir að bókað sé að hann tekur undir bókun Helgu Írisar Ingólfssdóttur. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum afgreiðslu umhverfisráðs, Kristján E. Hjartarson og Valdís Guðbrandsdóttir sitja hjá.



Stutt saga húss.

Næstelst af býlum á Árskógssandi er býlið Hinriksmýri, reist 1882 og fyrstu árin fært til bókar undir nafninu Jerúsalem, sennilega af því

að frumbygginn hét Salómon og hafði að viðurnefni hið sjaldgæfa nafn „snjókóngur“. Innan fárra ára kom svo nafnið Hinriksmýri, er studdist við fornt örnefni staðarins, mýrarinnar meðfram Móalæknum, sem þar er neðst kallaður Hinriksmýrlækur einkum eftir að býlið kom til sögu.

Bærinn stendur lítið eitt norðvestan Litla-Árskógssands og var áður lögbýli. Land er í eigu Dalvíkurbyggðar en á jörðinni er íbúðarhús, byggt 1918. Húsið byggði Þorvaldur Jónsson sem bjó í Hinriksmýri frá 1916 til 1926. Timbur og steinhús, ein hæð á steyptum kjallara með port og kvisti. Á hæðinni er inngangur og tvær stofur, báðar notaðar fyrir eldhús. Á lofti eru þrú herbergi, notuð fyrir svefn- og dagstofur. Helmingur af annarri hlið hússins er úr steini. Tveir steyptir reykháfar eru á húsinu. Við norðurenda hússins er viðbygging úr einfaldri steinsteypu með skúrbaki úr timbri og tjörupappa. Viðbygging sunnan íbúðarhúss. 2 veggir úr steinsteypu. Annars timbur. Ein hæð. Á fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar frá 24. nóv. 2015 var tekin til afgreiðslu umsókn um byggingarleyfi vegna niðurrifs á Hinriksmýri Árskógsströnd. Umhverfiráð samþykkti á fundi sínum 11. Nót 2015 að felur sviðsstjóra að veita umbeðið leyfi. Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum afgreiðslu umhverfisráðs. Tveir sátu hjá.

Athugasemdir um húsið:

Sjálfst húsið á Hinriksmýri er mjög lítið breytt frá upphafi, þó hefur þakið verið klætt með bárujárni og endurnýjaðar klæðningar utan á húsi. Byggt var norðanvið húsið fyrir 1940 viðbyggður steinsteypuskúr með járnþaki. Seinna var byggður samsvaransi skúr sunnanvið húsið og einnig inngandsskúr við útidyr, framan á húsinu. Eftir 1970 var svo byggð skúrbygging eða hlaða vestanvið húsið, timburbygging, bárujárnsklædd. Skipt hefur verið um glugga en þeim ekki breytt. Húsið hefur verið notað sem hænsnahús undanfarin 10 – 15 ár og ber þess merki.



Athugasemdir um umhverfi húss:

Hinriksmýri fylgir 2,5 ha lóð í eigu dalvíkurbyggðar samkvæmt Fasteignarskrá Íslands. Umhverfi hússins ber þess merki að þarna er hænsnahald. Girðing við húsið með hænsnaneti og gaddavírsgirðing umhverfis lóð. Gróður allur villtur, puntur og njóli.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1916-1926	Þorvaldur Jónsson Laufey Indriðadóttir (ekkja)	Pétur Július Jónsson (1873) Gunnlaugur Marinó Jóhannesson (1898)
1920-1924	Jóhann Jóakimsson Hanna Gísladóttir	Gísli (1901) Jóhann (1905) Rakel (1910)
-1950	Pálína Jóhannsdóttir (ekkja)	Baldvin Jóhannesson (1904)
1926-1950	Jón Salomonsson Anna Kristjana Jónsdóttir	
1927-1989 -1986	Jóhann Tryggvi Jóhannesson Laufey Indriðadóttir	
193?-194?	Guðrún Guðjónsdóttir (sjúkl)	
1980-1994	Baldvin Pétursson	
1994-1995	Sameining, lífeyrissjóður	
1995-2004	Baldvin Pétursson	
2004-2013	Steinþór Wendel Birgisson	
2013 og enn	Sigurður Bragi Ólafsson	

Engihlíð 1934 Íbúð
1946 geymsla
1949 hlaða

fastanr. 2156440

landnr. 152151

192,10 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Engihlíð – okt. 1934. Eigandi Marínó Þorsteinsson. A: íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu. Ein hæð á kjallara. Kjallarinn í fimm hólfum, notaður til geymslu skipt með steinskilrúnum. Á hæðinni er forstofa, fjögur her bergi og eldhús. Þrjú skilrúm úr tré. Krossskilrúm úr steini. Stærð: 8,9 x 7,5 x 6,0 m.

15/10 1948.

Fjós og mjólkurhús. Stærð: 13,6 x 5,0 x 2,7 m. Hlaða. Stærð: 13,6 x 6,0 x 4,3 m. Endurmat 1960, viðbótarbygging stofa og herbergi.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Marínó Þorsteinsson. Íbúðarhús byggt 1934 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara. 4 herbergi, forstofa, eldhús. Járnklaett þak. Miðstöð. Stærð: 8,9 x 7,5 x 5,5 m. Fjárhús fyrir 20 fjár úr torfi og timbri.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Marínó Þorsteinsson. Tún 1,0 hestburðir, allgóð. Töðufall 5 síðustu ára um 18 hestburðir. Áhöfn 1 kýr, 5 kindur. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934, tvöfaldir steinsteypuveggir, ein hæð og kjallari, járnþak. Fjögur herbergi, forstofa og eldhús. 185 m³. Stærð: 8,9 x 7,5 x 5,5 m.



Stutt lýsing húss:

Engihlið er stofnað sem nýbýli út úr landi Krossa 1934 af þeim Marínó Þorsteinsyni (1903-1971) bóni og oddviti á Krossum og konu hans Ingibjörgu Einarssdóttur (1905-1999) ljósmóðir. Þau hófust þegar handa við að byggja sér þar íbúðarhús og voru búin að steypa upp útveggina þegar jarðskjálftinn dundi yfir 2. Júní 1934. Húsbyggingin hélt áfram eins of ekkert hefði í skorist. Það var úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, 4 herbergi, forstofa og eldhús. Járnklaett þak. Árið 1946 létu þau byggja fjós og hlöðu, áfast íbúðarhúsinu og standa þær byggingar enn, en hafa nú fengið annað hlutverk og eru notaðar sem geymslur. Byggt var við íbúðarhúsið 1963, steinsteypt viðbygging með skúrbaki sem staðsett er sunnan og vestanvið, en þó áfast gamla húsinu. Þau Marínó og Ingibjörg hættu búskap 1970 og fluttu til Akureyrar en þá tók dóttir þeirra, Hildur (1941) og hennar maður Gylfi Baldvinsson (1941), við búi í Engihlíð. Þau



bjuggu þar til 1977 þegar Garðar Steinsson (1942) frá Bakka í Ólafsfirði og kona hans, Erla Ágústsdóttir (1943) frá Vatnsfirði í Reykjafjarðarhreppi keyptu af þeim. Árið 1999 hætta þau búskap og þau Edda Björk Valgeirsdóttir (1961) og Júlíus Valbjörn Sigurðsson (1961) frá Hreiðarsstaðakoti í Svarfaðardal keyptu jörðina og hófu búskap það. Nú hafa Júlíus og Edda keypt Brattavellir og flutt sig þangað en eiga eftir sem áður Engihlíð og leigja út húsin.



Athugasemd um húsið:

Engar breytingar hafa verið gerðar á húsinu ef frá er talið viðbyggingin sem byggð var 1963. Húsinu hefur verið vel við haldið alla tíð.



Athugasemd um umhverfi húss:

Trjágarður er sunnan og vestan við húsið með birki og reynitrjám. Steinsteypt girðing er á gafli garðsins sem er framan við húsið en timbur og netgirðing að sunnan og vestan. Sólpallur er sunnan við hús og timbur skjólveggur við þann pall.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1934-1970	Marinó Steinn Þorsteinsson Guðmundína Ingibjörg Einarsdóttir	Ása (1932) Þorsteinn (1934) Birgir (1939) Hildur (1943)
1966-1968	Birgir Marinósson Böðvína María Böðvarsdóttir	
1970-1977	Gylfi Baldvinsson Hildur Marinósdóttir	
1977-1999	Garðar Steinsson Erla Ágústsdóttir	Gunnar Þór (1964) Steinunn Oddný (1966) Víðir (1975)
1999 og enn	Júlíus Valbjörn Sigurðsson Edda Björk Valgeirsdóttir	Árni Hallur (1991) Valgerður Inga (1993) Ólöf Rún (1996)

Litli-Árskógr	1928	Íbúð	2156515	152167	217,40 m ²
	1935	fjós	2156516	152167	119,40 m ²
	1935	mjólkurhús/fóðurgeym	2156522	152167	18,70 m ²
	1947	hlaða			

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Litli-Árskógr – apríl 1934. Eigandi Vigfús Kristjánsson. A: Íbúðarhús byggt úr tvöfaldri steinsteypu (veggir), ein hæð á kjallara og hátt ris með kvisti í gegn. Stærð: 9,6 x 8,2 x 9,0 m. Innréttning hússins er, forstofa, dagstofa, tvö svefnherbergi og eldhús, skipt sundur með steinskilrúnum. Kjallarinn er í fjórum hólfum skiptur sundur við steinskilrúnum. Rishæðin er skipt sundur með timbur skilrúnum í fjögur svefnherbergi og eitt geymslurými. B: Norðan við húsið og áfost við það er bygging úr einfaldri steinsteypu. Stærð: 4,7 x 3,5 x 4,0 m. Notað til geymslu. C: Áfast við þá byggingu er fjós byggt úr einfaldri steinsteypu með járnþaki. Stærð: 9,8 x 4,7 x 4,0 m. D: Vestan við húsið er timburskúr með járnþaki, notaður til geymslu. Stærð: 3,0 x 3,0 x 2,5 m. E: Vestan við húsið ca. 5 m. Frá því er heyhlaða með timburskúr klætt pappa og torfveggjum. Stærð: 8,0 x 4,0 x 4,0 m. Fyrir norðan íbúðarhúss og fjóss er heyhlaða. Stærð: 12,6 x 6,3 x 7,0 m.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Vigfús Kristjánsson. Íbúðarhús byggt 1929 úr tvöfaldri steinsteypu og járnþak. Ein hæð, kjallari, hátt ris og kvistur. Stærð: 9,6 x 8,2 x 7,5 m. Viðbygging steinsteypt. Stærð 4,7 x 3,5 x 3,2 m. Timburskúr áfastur húsinu með járnþaki. Stærð: 3,0 x 3,0 x 2,5 m. Fjós fyrir 7 kýr úr steinsteypu með torfþaki. Eitt hesthus fyrir 2 hesta úr steinsteypu, torfþak, viðbyggt. Fjárhús fyrir 110 fjár úr torfi með timburstafn. Þurrheystlaða 430 m3. úr steinsteypu með járnþaki. Votheyshlaða 15 m3. hlaðin.



Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Vigfús Kristjánsson. Tún 8,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 180 hestburðir. Áhofn 5 kýr, 100 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 3 karlmenn, 2 stúlkur, 1 unglingsur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 14 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1929 úr tvöfaldri steinsteypu, ein hæð á kjallara, hátt ris og kvistur, járnþak. 590 m3. Stærð: 9,6 x 8,2 x 7,5 m. Biðbygging steinsteypt. Stærð: 4,7 x 3,5 x



3,2 m. Timburskúr áfastur húsi með járnþaki. Stærð: 3,0 x 3,0 x 2,5 m. Fjós fyrir 7 kýr steinsteypt með torfþaki. Hesthús fyrir 2 hesta steinsteypt með torfþaki viðbyggjt fjósi. Ein hlaða 430 m³ steinsteypt með járnþaki.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Litli-Árskógr - 27/1 1953. Vigfús Kristjánsson vátryggir hús í smíðum.



Litli-Árskógr – mars 1957. Eigandi Vigfús Kristjánsson. Íbúðarhús. Kjallari og ein hæð með háu risi (þrír stafnar á risi). Veggir úr tvöfaldri steypu. Innréttning, kjallari í fimm hólfum með steinskilrúnum, notaður til geymslu. Á hæðinni er stofa, tvö herbergi og eldhús. Auk inngangs og forstofu. Á rishæðinni eru fimm herbergi. Stærð: 9,6 x 8,2 x 7,0 m. Útihús áfost við íbúðarhúsið, geymsla 8,5 x 3,0 m. Fjós fyrir 14 gripi. Heygeymsla 450 m³. Allt byggt úr steinsteypu með járnþökum.

Stutt saga húss:

Árskóga er getið í biskupasögu Guðmundar Arasonar. Þangað fór Guðmundur 1232 þegar hann snéri við úr ferð til Reykdæla er hann frétti að Reykdælir ætluðu að rísa á móti honum. Litli- Árskógr er forn jörð og hefur snemma byggst frá Stóra Árskógi. Einnig voru þar Minni Árskógr og Litliskógr. Í lok 19. aldar voru nokkur sjóbýli risin á Árskögssandi (samfelld byggð frá 1882) og hefur þar síðan risið þorpið Litli-Árskögssandur. Suður við ána ofan þjóðvegar er húsið Sólvangur en norðan við bæinn byggðist nýbýlið Engihlíð 1934 að hluta út úr Litla-Árskógslandi. Vigfús Kristjánsson (1889-1961) smiður og útvegsbóni frá Hellu og Elísabet Jóhannsdóttir (1891-1975) frá Svínárnesi á Látraströnd, keyptu Litla-Árskógr og fluttu þangað frá Grund í Þorvaldsdal 1925 og þar með fór dalurinn í eyði. Vigfús var smiður góður og byggði íbúðarhús 1929 líklega eftir teikningum og hugmyndum Jóhans Kristjánssonar bróður síns, sem seinna vann sem ráðgjafi hjá teknistofu Byggingar- og landnámssjóðs. Húsið er úr tvöfaldri steinsteypu og járnþak, ein hæð, kjallari, hátt ris og kvistur. Fjós og fóðurgeymslu byggðu þau svo 1935 áfast íbúðarhúsinu. Allar þessar byggingar standa enn í dag. Vigfús féll frá 1961 og hófu þá synir þeirra hjóna þeir Kristján Eldjárn (1917-2001) og Georg (1915-2015) búskap með móður sinni. Árið 1999 keyptu Ásólfur Geir Guðlaugsson og Erla Tryggvadóttir Litla-Árskógr og búa þar ásamt syni sínum Guðlaugi Axel.

Athugasemd um húsið:

Húsið er lítið breytt frá upphafi fyrir utan hefðbundið viðhald. Þó var skipt um alla glugga í húsinu í kringum 1980 og þeim breytt þannig að áður voru gluggar í kjallara með einum standandi pósti sem skipti gluggunum í tvö jafnstór hólf og hverju hólfí skipt með krosssprossum sem skiptu þeim í fjögur jafnstór hólf. Í staðinn voru settur gluggar með einum standandi pósti sem skipti gluggunum í tvö hólf og annað mjórra með lausu fagi. Á hæð og risi voru gluggar með krosspóstum sem skiptu þeim í stærri hólf að neðan og var minni hólfunum að ofan skipt með einum standandi sprossa. Og var gjarnan laust fag í öðru efra hólfí.

Athugasemd um umhverfi húss:

Hér er skemmtilegur heimilistrjágarður og í honum tjörn með hólma. Rennur lækur að og frá tjörninni. Þar má sjá listaverk eftir þá bræður.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1961 -1975	Vigfús Kristjánsson Elísabet Jóhannsdóttir	Hulda (1914) Georg (1915) Kristján Eldjárn (1917) Hannes (1919) Jón (1920) Guðrún Jóhanna (1921) Jóhanna Gíslína (1925) Reynir (1929)
1930-	Einar Jóhannsson Elín Jóhannsdóttir	
192?-1959	Benedikt Páll Pálsson Rósa Guðrún Jónsdóttir	
1930-	Jón Kristjánsson Þórey Einarsdóttir	
1930-	Halldór Snorrason	
1950-1951	Guðrún Jóhanna Vigfúsdóttir	Eyrún Ísfold (1950)
1944-1956)	Hjalti Bjarnason Jóhanna Gíslína	Bjarni Hilmir (1944) Bjarki Viðar (1945) Elín (1947) Reynir Gísli (1953) Vignir (1956)
1954-1957	Sigurður Konráðsson	
1958-1959	Benedikt Halldórsson Guðbjörg Jóhannesdóttir	Sigurbergur (1956) Aðalbjörg (1958)
1958-1959	Magrét A Halldórsdóttir	
1961-?	Elísabet Jóhannsdóttir (ekkja)	
1961-1999	Georg Vigfússon	
1961-1999 1961-1999 -1999	Kristján Eldjárn Vigfússon Hannes Vigfússon Hulda Vigfúsdóttir	

-1999	Jóhanna Gíslína Vigfúsdóttir	
-1999	Jón Vigfússon	
-1999	Guðrún Vigfúsdóttir	
1999-1999 Og enn	Ásólfur Geir Guðlaugsson Erla Tryggvadóttir	Guðlaugur Axel (1968) Soffía Valdís (1973) Ásta Hildur (1974)
2005 og enn	Guðlaugur Axel Ásólfsson	

Vallholt 1950, íbúðarhús. Fastanr. 2156609 landnr. 213526 91,6 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Vallholt – apríl 1934. Eigandi Árni Sigvaldason. Torfbær. Hús í smíðum vátryggt frá 15/2 1950 til 15/10 1950



Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Árni Sigvaldason. Tún 2,3 hestburðir, sæmilegt. Töðufall 5 síðustu ára um 90 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 35 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1,5 karlmenn, 2 stúlkur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri járnklætt, ein hæð, járnþak, stafn steinsteyptur. 187 m³. Stærð: 8,7 x 7,1 x 3,0 m. Gömul baðstofa. 7,0 x 3,0 x 3,0 m.

Virðingabók Brunakótafélaga Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Vallholt – okt. 1951. Eigandi Gísli Sölvason og Sigurvin Sölvason. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara. Kjallari steinsteyptur. Hæðin hlaðin úr R-steini. Þak úr timbri, pappa og járnklætt. Steingólf yfir kjallara. Timbur yfir efrihæð, skilrúm úr steini. Á hæðinni eru auk inngangs og forstofu, þrjár stofur og eldhús. Kjallari í fimm hólfum, notaður til geymslu. Bað og snyrtiklefi er á hæðinni. Stærð: 10,4 x 9,4 x 6,0 m. (húsið áður tryggt sem hús í byggingu)



Stutt saga húss:

Býlið Vallholt byggðist út úr landi Brattavalla. Það voru hjónin Jón Júlíus Jónsson (1961-1941) og María Sigurrós Þorsteinsdóttir (1869-1958) sem stofnuðu það 1919, og bjuggu þar til 1930 þegar Árni Sigvaldason (1907-1975) eignaðist býlið og hóf þar búskap. Árið 1941 eignaðist Gísli Sölvason (1894-1965) Vallholt og bjó þar ásamt ráðskonu sinni, Guðrúnu Jónsdóttur (1894-1979) til 1965. Gísli og bróðir hans Sigurvin (1906-2000) byggðu árið 1950 íbúðarhús, ein hæð á kjallara. Kjallari steinsteyptur. Hæðin hlaðin úr R-steini. Þak úr timbri, pappa og járnklætt. Steingólf yfir kjallara. Timbur yfir efrihæð, skilrúm úr steini. Á hæðinni eru auk inngangs og forstofu, þrjár stofur og eldhús. Kjallari í fimm hólfum, notaður til geymslu. Bað og snyrtiklefi er á hæðinni. Sigurvin Kristinn Sölvason eignaði Vallholt eftir að Gísli bróðir hans lést og átt til dauðadags, þá eignast núverandi eigandi Guðrún Kristjánsdóttir og maður hennar Gunnlaugur Halldórsson býlið. Gunnlaugur lést 2009 en Guðrún býr í Vallholti.



Athugasemd um húsið:

Húsinu hefur verið ágætlega við haldið. Eftir að Guðlaugur og Ingibjörg eignuðust það létu þau klæða húsið með utan með aluzonk-húðuðu bárujárni. Sett var 2ja tommu grind á húsið og einangrað í hana með steinull. Skipt var einnig um járn á þakinu og við það tækifæri var reykháfur fjarlægður.



Athugasemd um umhverfi húss:

Í kringum íbúðarhúsið er 1.750.0 m² óafgirt lóð í eigu húsráðenda. Bílastæði er suð-austan við húsið, birkitré og skjólrunnar eru í garðinum. Skammt vestan við húsið stendur 56 m² fjós sem byggt var 1945 og er nú nýtt frá Brattavöllum sem geldneytisfjós.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1941-1965	Gísli Sófanías Sölvason Guðrún Margrét Jónsdóttir	Jón Gunnar (1939) kjörbarn
1941-2000	Sigurvin Kristinn Sölvason	
1965-1972	Jón Gunnar Gíslason Ólafía Halldórsdóttir	Lára Jósefína (1961) Gísli(1963) Sverrir (1967)
1949-1951	Eric Ohlson (<i>frá Svíþjóð</i>)	
1952-1980	Baldvin Péturson (<i>Patreksfirði</i>) sjóm.	
1957-1978	Elísabet Sölvadóttir	
1969-???	Sveinn Gunnlaugsson Valgerður Sigfúsdóttir	
1981-????	Eiríkur Bengt Olsen	
1984-??	Hallgrímur Sverrisson Ingibjörg Gunnlaugsdóttir	Þorkell R (1984)
2001-2009	Gunnlaugur Þorkell Halldórsson	
2001 og enn	Guðrún Ingibjörg Kristjánsdóttir	

Brattavellir	1950. Íbúðarhús	fastanr. 2356421	landnr. 152148	208 m ²
	1944 hesthús			
	1944 geymsla			
	1945 hlaða			

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Brattavellir – des. 1934. Eigandi Sigurður Sigurðsson, seinna Gunnlaugur Sigurðsson. 12/1 1948. Fjós. Einföld steinsteypa, slappað og múrhúðað. Þak úr timbri ljóð og bárujárn. Stærð: 10,0 x 4,3 x 3,1 m. Heyhlaða. Veggir úr einfaldri steinsteypu. Þak úr bárujárn. Stærð: 10,0 x 4,3 x 5,0 m.

17/5 1951. Íbúðarhús og smíðum.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Anna Sigurðardóttir. Íbúðarhús úr timbri og bárujárn – líka þak. Stafn steinsteyptur. Stærð: 8,7 x 7,1 x 3,0 m. Miðstöðvarhitun. Gömul baðstofa. Stærð 7,0 x 3,0 x 3,0 m. Fjós fyrir 4 kýr úr torfi og grjóti. Fjárhús fyrir 50 fjár úr torfi og grjóti. Þurrheyshlöður 85 m³. úr torfi og grjóti. Votheyshlaða 12 m³ hlaðin.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Anna Sigurgeirs dóttir. Tún 3,5 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 80 hestburðir. Áhöfn 4 kýr, 35 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1,5 karlmenn, 2 stúlkur og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 9 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri járnklætt, ein hæð, járnþak, stafn steinsteyptur. 187 m³. Stærð: 8,7 x 7,1 x 3,0 m. Gömul baðstofa. 7,0 x 3,0 x 3,0 m.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1950 – 1973)

Brattavellir - jan. 1952. Eigandi Gunnlaugur Sigurðsson. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara. Hæðin hlaðin úr R-steini. Kjallarinn heilsteyptur. Þak úr timbri og pappa. Loft, hólf og skilveggir úr steinsteypu. Á hæðinni er auk forstofu stofa, eldhús, þrjú herbergi og snyrtiherbergi. Kjallarinn er í sjö hólfum notaður til geymslu. Stærð: 12,5 x 8,5 x 6,8 m.



Stutt saga húss:

Býlið Vallholt byggðist út úr landi Brattavalla 1919. Þá var á fyrsta fjórðungi aldarinnar búið í hjáleigunni Tungu (síðar Brattahlíð) í landi Brattavalla. Var um tíma í byrjun 20. aldarinnar fjórbýlt á Brattavöllum sjálbum, auk hjáleigunnar. Jörðin Brattavellir var lengst af síðustu aldar í eigu sömu fjölskyldu. Hjónin Gunnlaugur Sigurðsson (1902-1986) frá Hellu og Freygerður Guðbrandsdóttir (1902-1953) einnig frá Hellu, tóku við búi á Brattavöllum af foreldrum Gunnlaugs 1936. Þau byggðu upp húsakost, fyrst fjós og hlöðu 1944 og svo íbúðarhús 1950, ein hæð á kjallara. Hæðin hlaðin úr R-steini. Kjallarinn heilsteyptur. Þak úr timbri og pappa. Loft, gólf og skilveggir úr steinsteypu. Á hæðinni er auk forstofu stofa,

eldhús, þrjú herbergi og snyrtiherbergi. Kjallarinn er í sjö hólfum notaður til geymslu. Árið 1953 tók sonur þeirra Gunnlaugs og Freygerðar, Sigurður (1929-1996) og kona hans Heiðveig Friðriksdóttir (1931) við búskap á Brattavöllum og bjuggu þau til 1979 er þau selja Gunnlaugi þ Halldórssyni (1932-2009) áður bóndi á Sultum í Kelduhverfi, Draflastöðum í Sölvadal og Stekkjarflötum í Sölvadal, og konu hans Guðrúnu I Kristjánsdóttur (1933) og fluttu til Dalvíkur.



Árið 1989 kom dóttir þeirra, Guðný Halla (1962) og hennar maður Guðmundur Ólafson (1959) frá Hvanneyri í Borgarfirði, og bjó í félagi við foreldra sína til 1996. Haraldur Jónsson (1972) og Vaka Sigurðardóttir (1974) keyptu Brattavellir af Gunnlaugi og Guðrúnu 2001 og bjuggu þar til 2013 þegar núverandi ábúendur, Júlíus Sigurðsson og Edda Valgeirs dóttir keyptu.

Athugasemd um húsið:

Húsið er lítir breytt en þó var skipt um glugga í því milli 1980-90 og þeim breytt. Áður voru gluggar með tveimur standandi pósum og einum liggjandi sem skiptu gluggunum í þrjú stærri hólf að neðan og miðhólf að stærst og í þrjú hólf að ofan og miðhólf að stærst og með lausu fagi. Í staðinn voru settir gluggar með einum standandi pósti sem skiptu gluggunum í tvö hólf, annað mjótt með lausu fagi.



Athugasemd um umhverfi húss:

Umhverfi hússins er eins og á dæmigerðu íslensku sveitabýli. Garðflötum er sunnan við húsið, ógirtur með ræktarlegum greni og aspartrjám.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1937-1954	Gunnlaugur Sigurðsson Freygerður Guðbrandsdóttir	Sigurður Flóvens (1928) Kristín Guðbjörg (1930) Anna Soffía Sigurlaug (1934) Sveinn Kristinn (1940) Anton Sigurgeir (1943) Anna Sigríður (1946)
1937-1953	Anna Sigríður Sigurgeirs dóttir	(móðir Gunnlaugs)
1954-1979	Sigurður Flóvent Gunnlaugsson Soffía Heiðveig Friðriksdóttir	Freygerður (1955) Gunnlaugur (1956) Svanfríður (1959) Friðrik (1969)
1954-1979	Sveinn Gunnlaugsson	
1979-2001	Gunnlaugur Þorkell Halldórsson Guðrún Ingibjörg Kristjánsdóttir	Guðný Halla (1962)
1989-1996	Guðmundur Ólafsson Guðný Halla Gunnlaugsdóttir	
2001-2013	Haraldur Jónsson Vaka Sigurðardóttir	
2013 og enn	Július Valbjörn Sigurðsson Edda Björk Valgeirs dóttir	

Virðing 1918:

Árið 1918 hinn 13 febrúar var tekið fyrir að meta til verðs jörð þessa, sem skoðuð var 4. Júní s.l. eigandi er landsjóður. Ábúandi Sæmundur Oddson. Jörðin er 12,3 hndr. að dýrl. með 2 kúgildum. Eftirgjald er 120 meðalalnir og 50 ferfaðmar túnsléttu. Landamerki þinglesin, dags. 5. des. 1883. Lýsing jarðarinnar er á þessa leið. Tún: Í góðri rækt og allvel grasgefið. Ca ¼ sljett.



Kalhætt. Stærð talin 3,2 ha. Töðufall ca. 100 hestar. Engjar: Sæmilega grasgefnar, greiðfærar, samfeldar nærtækar og fremur deiglendar. Engin áveita. Heyfall 200 hestar.

Búfjárhagar: sumarland gott fyrir sauðfé. Gripahagar litlir og lélegir. Vetrarbeit lítil vegna snjóþyngsla. Mótak nokkurt. Torfrista slæm. Jörðin liggur illa við samgöngum, vegleysa á landi og langt frá sjó. Á jörðinni má framfleyta 3 kúm 70 fjár og 3 hrossum með 3 – 4 mönnum. Hús: Baðstofa 9 x 6 ál. Búr 6 x 3,5 ál. Eldhús 6 x 4 ál. Bæjardyr 6 x 4 ál. Skemma 6 x 3,5 ál. Kofi 4 x 3 ál. Fjós yfir 3 kýr. Fjárhús yfir 70 kindur. Hesthús yfir 3 hesta. Jarðabætur engar taldar. Samkvæmt þessu er jörðin metin þannig: Jörðin sjálf kr.- 1.500. Hús jarðar kr.- 350. Hús leiguliða kr.- 150. Alls kr.- 2.000.

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Kleif – apríl 1934. Eigandi Ríkissjóður Íslands. Torfbær. A: Baðstofa í tvennu lagi skipt með timburskilrúnum, alþiljuð. Stærð: 5,5 x 3,5 x 2,5 m. B: Eldhús úr torfi og timbri. Stærð: 4,0 x 2,8 x 3,0 m. C: Búr úr torfi og timbri. Stærð: 4,0 x 2,3 x 3,0 m. D: Norðan við baðstofuna er fjós fyrir fjóra gripi. E: Austan bæjarins er framhús með framhlið úr timbri og hálfstafna úr timbri. Inngangur í miðju með geymslur til beggja handa og geymslu á lofti. Stærð: 5,8 x 3,0 x 3,5 m. F: Gangur til baðstofu. Stærð: 6,0 x 1,0 x 2,5 m. Gluggar og dyr í minna lagi. G: sunnan bæjarins er smiðja úr torfi með timburþil á einn veg. Frístandandi járnsmiðja.

Fasteignamat 1940

Eigandi Ríkissjóður og ábúandi er Kristinn Pálsson. Tún 3,5 hestburðir. Töðufall 5 síðustu ára um 110 hestburðir. Áhöfn 2 kýr, 50 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 konur, og 1 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 1 manns.

Stutt saga húss:

Í fornbréfasafni 1461 er Kleif sögð í Arnarneshreppi og talin upp sem "kristsfé" í Máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi. Árið 1525 er Kleif talin upp með eignum Hólastóls. 1569 er Kleif talin upp í reikningi Möðruvallaklausturs, án kúgildis. Í örnefnaskrá Árskógsstrandar segir."Hús eru nánast engin á jörðinni, aðeins kofar ónýtir, eftirstöðvar bæjarhúsa, sem reist voru fyrir eða um s.l. aldamót.". Í Byggðum Eyjafjarðar (1990) er minnst á bæinn: Gamli Kleifarbærinn hangir enn uppi að hluta en á allra síðustu árum hefur hann þó



hrunið mikið. Hann er rúmlega 100 m ofan við Þorvaldsdalsá en 2,1 km sunnan við Bröttuvelli. Bæjarhóllinn er lágur, hvergi hærri en 1 m. Bæjarhúsin á Kleif eru byggð úr torfi, grjóti, og timbri og eru bárujárnsklædd að hluta. Fjós er sambyggt bænum að sunnan í braggastíl. Bærinn virðist vera byggður í áföngum og samanstendur af nokkrum smáhýsum, sambyggðum. Nú er þak að hluta fallið inn í bæinn og því ógjörningur að skoða innri skipan að fullu. Bæjarhúsin snúa norður-suður og eru samtals um 9 X 17 m (með fjósi). Syðst er fjósið sem er 9 X 7 m stórt úr torfi, timbri, grjóti og steypu, með bogadregnu bárujárnsþaki. Inngangur er í það að sunnan en innangengt hefur verið úr því inn í bæinn. Op hefur einnig verið á vesturvegg fjóssins. Fjósið var með steyptum gólfum og flór. Aðalinngangurinn í bæinn var á miðri austurhlið hans. Þaðan lágu gong til austurs eftir húsínu og voru aðalrýmin tvö herbergi, norðan og sunnan við ganginn. Veggir gangsins voru aðallega hlaðnir úr torfi sem hvílir á veglegum timburstoðum. Herbergið sunnan við ganginn er enn aðgengilegt og uppistandandi. Það er 3 X 3 m að stærð, með 2 þakgluggum og einhverjum húsgögnum. Það er að fullu þiljað. Inngangur í þetta herbergi er eins og áður segir bæði úr fjósi og af gangi. Sunnan við ganginn er annað herbergi og er ekki unnt að skoða það sökum hruns. Norðaustan við aðalinngang bæjarins hefur verið byggður timburkofi 2 X 2 m að stærð. Við bæinn eru byggð 2-3 hólf úr torfi. Tvö eru vestan við bæinn allra syðst. Þau eru samtals 5,5 X 7 m að stærð og opin til norðurs. Norðan við bæinn er einnig hólf 12 X 6 m að stærð.

Síðasti ábúandi á Kleif var Einar G Petersen sem var fæddur í Höjberg í Danmörku en fluttist hingað til lands og settist að hér 1944 en þá hafði jörðin verið í eyði í eitt ár. Tún voru niður með ánni. Búskapur lagðist af þar 1979 og regluleg ábúð í framhaldi af því. Eigandi jarðarinnar er Ríkissjóður Íslands.

Athugasemd um húsið:

Athugasemd um umhverfi húss:

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1884-1915	Jón Jóhannesson Margrét Jóhannesdóttir	Pétur Júlíus (1875) Guðrún (1879) Sigurpáll Jónsson (1894) fósturb. Guðmundur Jóhannsson (1897) fósturb.
1900-	Sölvi Magnússon Borghildur Gísladóttir	Gísli (1895) Oddný (1898) Elísabet (1899)
190?-	Gunnlaugur Jónsson Jónatanía Kristinsdóttir	Axel (1910)
190?-	Ásmundur Jóhannes Sigfússon Guðrún Jónsdóttir	Ester (1909)
1915-1924	Sæmundur Oddsson Snjólaug Hallgrímsdóttir	Guðrún Þórdís (1901) Þóroddur Ingvaldur (1905)
192?-	Einar Arnór Jóhannsson (smali)	

192?-	Friðrik Ingvi Eyfjörð Árnason	
1924-1929	Jóhann Sigvaldason Ástríður M Sæmundsdóttir	
1929-1943	Kristinn Pálsson Sigríður Jóhannsdóttir	Hallgrímur Konnráð (1906) Valgarður (1912) Arna Bára (1915) Guðrún Sumarrós (1920) Sigurhanna Halla (1926) Jóhann Fr. Sveinsson (1933) Óskírt meybarn (1934)
1938-1943	Jón Trausti Sigurðsson Guðrún Sumarrós Kristinnsdóttir	Sigurður (1938) Óskírt meybarn (1940)
1943-1944	Í eyði	
1944-1979	Ejnar Georg Petersen	
Núv. eigend.	Ríkissjóður Íslands	


Stærri-Árskógskirkja 1928, kirkja fastanr. 2156605 landnr. 152179 104,7 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Kirkja Stærri-Árskógsókn – mars 1936. Kirkjan er byggð úr einfaldri steinsteypu og þiljuð innan á veggj með timbri. Einnig er hvelving úr timbri. Aðalkirkjan er að stærð: 11,7 x 7,1 x 7,4 m. Þar af forkirkja aðskilin með steinskilrúnum, og er henni skipt í þrennt með steinskilrúnum. Viðbygging við aðalkirkjuna er kór og skrúðhús. Stærð: 4,7 x 3,7 x 5,6 m. Stærð turns frá veggbrún: 2,8 x 2,8 x 12,4 m. Af turnhæðinni er 5,7 metrar úr timbri.

Fasteignarmat 1940

Stærri-Árskógskirkja byggð 1926 eigandi Stærri-Árskógsókn. Kirkjan er byggð úr steinsteypu með bárujárnsþaki, hvelving úr timbri og innanþiljuð. Húsið er nýtt sem Guðshús. Stærð: aðalkirkja 11,7 x 7,1 x 5,3 m. Kórskrúðhús 4,7 x 3,7 x 5,0 m. Turn 2,9 x 2,8 x 12,4 m.




Þar var Jónskirkja baptista og prestsetur frá því á 11. öld til 1884 þegar sóknin var sameinuð Völlum. Stór og vegleg timburkirkja var vígð 1898. Hún skemmdist og skekktist á grunnum í fárviðri í september árið 1900 en var samt notuð næstu 25 árin. Ný 150 sæta steinsteypt kirkja með turni, forkirkju og kór var byggð á árunum 1926-1927 og vígð 6. júní 1927. Halldór Halldórsson arkitekt frá Garðsvík á Svalbarðsströnd, gerði teikningar af kirkjunni sem samþykktar voru af sóknarnefnd og fleiri aðilum. Aðal verkstjóri og yfirsmiður var Vigfús Kristjánsson bóndi í Litla-Árskógi.

Við innanhússmíði unnu Jón Jónsson og Valtýr Jónsson frá Vallholti Árskógsströnd. Altaristaflan, tákni upprisunnar, er frá 1878, eftir Arngrím Gíslason málara og Guðmundur Guðmundsson bildöggvari skar út fagran umbúnað hennar. Kirkjan á two skírnarsái, annan skáru út bræðurnir Hannes og Kristján Vigfússynir frá Litla-Árskógi, en hinn sem í er skírnarskál frá 1761 gerði Guðmundur Frímann skáld á Akureyri.. Á turni kirkjunnar er ljósakross frá 1969.

Grafreiturinn sem kirkjan stendur í var gerður 1935-1936, teiknaður og skipulagður af Jóhannesi Óla Sæmundssyni. Hann var tilbúinn 26.ágúst og tekinn í notkun í desember sama ár en 1993 stækkaður til norðurs og hannaður fyrir vélgröft. Uppdrátt af svæðinu gerði Baldwin Haraldsson á Stóru Hámundarstöðum en teikningar gerði framkvæmdastjóri skipulagsnefndar kirkjugarða, Guðmundur Rafn Sigurðsson.

Elsti grafreiturinn í Stærra-Árskógi er um 100 metrum sunnar en sá sem nú er í notkun. Hann er ekki skipulagður og ekki er til legstaðskrá. Þar er jarðsett fólk frá Árskógsströnd og Hrísey. Ekki er vitað hve margar kirkjur hafa staðið í þeim garði en þegar hann var sléttuður árið 1900, var vitað um nokkra legstaði sem hægt er að mæla út.



Erfitt er að finna skráðar heimildir fyrir því hvar fyrsta kirkjan var byggð á Árskógsströnd, en í sérprentuðu riti Jóhannesar Óla Sæmundssonar, Kirkjur í Árskógi, er líkum að því leitt að kirkja hafi verið á Hávarðarstöðum í Þorvaldsdal. Er þar vitnað í örnefni, ferðabók Ó Ólívíusar 1777, Hávarðarsögu Ísfirðings, lokakafla og Svarfdælasögu sem segir Hávarð halta flytja í Þorvaldsdal í lok 10. aldar.

Friðlýstar fornminjar eru á Hávarðarstöðum.

Stutt saga húss:

(Úr byggður Eyjafjarðar).

Stærri-Árskógskirkja var vígð árið 1927 og er hún 150 sæta, með turni, forkirkju og kór. Kirkjan er byggð úr einfaldri steinsteypu og þiljuð innan á veggi með timbri. Einnig er hvelfing úr timbri. Forkirkja aðskilin með steinskilrúnum, og er henni skipt í þrennt með steinskilrúnum. Viðbygging við aðalkirkjuna er kór og skrúðhús. Stærð turns frá veggbrún: 2,8 x 2,8 x 12,4 m. Af turnhæðinni er 5,7 metrar úr timbri. Hönnuðir kirkjunnar voru Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins, og Halldór Halldórsson, arkitekt frá Garðsvík, en Vigfús Kristjánsson í Litla-Árskógi var yfirsmiður. Núverandi kirkja leysti af hólmi veglega timburkirkju sem byggð var árið 1889 en sú skemmdist í fárviðri og skekktist á grunni sínum skömmu eftir að hún var tekin í notkun. Altaristöflu Stærri-Árskógskirkju málaði Arngrímur Gíslason málari en umbúnað hennar skar Guðmundur Guðmundsson bíldhöggvari.



Athugasemd um húsið:

Sumarið 1962 var gert mikil endurnýjun innanstokks í kirkjunni en engu var þó breytt í arkitektúrnum eða útliti.

Athugasemd um umhverfi húss:

Kirkjan stendur í vel hirtum kirkjugarði

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1927 og enn	Stærri- Árskógsókn	

Árskógar 1928, Félagsheimili

fastanr. 215680

landnr.152289

698,20 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Samkomuhúsið í Árskógi – sept. 1934. Eigandi

Árskógstrandarhreppur og U.M.F. Reynir, og seinna Vigfús Kristjánsson. Timburhús, ein hæð portbyggt. Veggir úr plönkum og skarsúðað utan með borðum. Á hæðinni er samkomusalur og tvær stofur, notað til fundarhalds og skemmtana. Lofthæðin er í tvennu lagi, notuð til íbúðar. Stærð: 9,3 x 6,2 x 5,5 m. Við suðurenda hússins er forstofa. Stærð: 4,0 x 2,0 x 5,5 m. Rifið!



Skólahús í Árskógi – febr. 1939. Eigandi

Árskógshreppur. Skólahús, neðri hæð. Tvöfaldur útveggur úr steinsteypu, loft og gólf úr steinsteypu. Hæðin er í 13 hólfum, notað til kennslu. Í kennslustofunni er þá timburgólf. Stærð: 16,3 x 10,1 x 2,5 m.

Endurmat fór fram 7 des. 1942. Barnaskólahús, tvær hæðir úr tvöfaldri steinsteypu með steingólfum á efri hæð og steinskilrúnum. Neðri hæð. Þrjár stofur, heimavist, eldhús, þvottahús, búnar, borðstofa, inngangur, bað og klósett. Efri hæð: Tveir inngangar og forstofur, skólastofur, dagstofa, svefnherbergi, eldhús og smíðastofa. Stærð: 16,0 x 10,0 x 8,0 m. Við norðurenda hússins er leikfimissalur, ein hæð úr tvöfaldri steinsteypu með timburgólf og lofti. Stærð: 13,0 x 10,0 x 6,7 m.

Fasteignarmat 1940

Skólahús Árskögshrepps byggt 1938 ekki fullgert, aðeins kjallari byggður. Húsið byggt af steinsteypu, kjallari aðeins. Stærð: 16,0 x 10,0 x 2,0 m.



Stutt saga húss.

Saga Árskógarskóla nær aftur til 1938 en þá hófst kennsla í húsi í landi Stærri-Árskógs sem byggt var sem skóli og félagsheimili Árskögshrepps. Hann er að fullu tekinn í notkun 1942. Barnaskólahús, tvær hæðir úr tvöfaldri steinsteypu með steingólfum á efri hæð og steinskilrúnum. Neðri hæð. Þrjár stofur, heimavist, eldhús, þvottahús, búnar, borðstofa, inngangur, bað og klósett. Efri hæð: Tveir inngangar og forstofur, skólastofur, dagstofa, svefnherbergi, eldhús og smíðastofa. Stærð: 16,0 x 10,0 x 8,0 m. Við norðurenda hússins er leikfimissalur, ein hæð úr tvöfaldri steinsteypu með timburgólf og lofti. Stærð: 13,0 x 10,0 x 6,7 m. Það var Skarphéðinn Guðnason sem var byggingameistari hússins. Árið 1966 var síðan byggt annað skólahús á staðnum en þriðja húsið var byggt sem skólastjóraíbúð árið 1971.



Alla tíð hafa skólamannvirkin í Árskógi einnig gegnt hlutverki félagsheimilis sveitarinnar og er þá um að ræða syðsta húsið og það stærsta. Í því er m.a. salur, sem jafnframt er íþróttasalur; eldhús, borðstofa og tilheyrandi aðstaða. Verulegar breytingar voru gerðar á þessu húsnæði á árunum 1992-94 þegar salurinn var stækkaður, byggt var við anddyri og fleira gert. Auk þess að þjóna hlutverki sem félagsheimili er Árskógr einnig vinsæll til ættarmóta, fundahalda og annars samkomuhalds.

Athugasemd um húsið:

Þrátt fyrir að byggt hafi verið við húsið og því breytt var lögð mikil áhersla á að halda útlitinu sem næst því sem upphaflega var. Gluggar sem bættust við voru smíðaðir eins og þeir gluggar sem fyrir voru.

Athugasemd um umhverfi húss:

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Skólastjórar	Maki
1942-1953	Jóhann Óli Sæmundsson	Svanhildur Þorsteinsdóttir
1953-1958	Árni Marinó Rögnvaldsson	Steinunn Davíðsdóttir
1958-1962	Bendikt Halldórsson	Guðbjörg Jóhannesdóttir
1962-1963	Helga Eiðsdóttir	Mattías Gestson
1963-1965	Mattías Gestson	
1965-1968	Jóakim Pálsson	Björg Þorsteinsdóttir
1968-1984	Birgir Sveinbjörnsson	Rósbjörg Jónasdóttir
1984-1997	Arnbör Angantýsson	
1998-2014	Kristján Tryggvi Sigurðsson	
2014 og enn	Gunnþór Gunnþórsson	

Brimnes 1929, geymsla

fastanr. 2156432

landnr. 187795

91,60 m²

Virðingararbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Brimnes – apríl 1934. Eigendur fyrst Jón og Gunnar Níelssynir og svo Gústaf Kjartansson. Íbúðarhús, ein hæð á kjallara, úr einfaldri steinsteypu. Þak úr timbri og íkopalpappa. þiljað innan með striga og pappalagt og veggfóðrað. Eldhúsið þiljað með maconiti. Innréttning, forstofa, 2 dagstofur, tvö eldhús og fjögur svefnherbergi. Stærð: 13,0 x 7,0 x 4,0 m. Kjallara hússins er skipt í tvennt með steinskilrúni. Í húsinu eru tvær eldavélar og 3 ofnar. Hinir tryggðu eru Jón Níelsson, Gunnar Níelsson, Gústaf Kjartansson og Arnbjörn Árni Kjartansson.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Jón Níelsson. Íbúðarhús byggt 1934 steinsteypt með kjallara, þak icopal pappa. 6 herbergi, 2 eldhús og forstofa. Ofnar. Stærð: 13,0 x 7,0 x 6,5 m. Fjárhús fyrir 32 fjár úr torfi og timburstafna. Sjóbúð úr timbri á 2 vegu. Steyptur hliðveggur, járnþak, gólf steypt. Stærð: 7,9 x 4,9 x 2,0 m. Vantar stafn.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Jón Níelsson. Tún 1,6 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 45 hestburðir. Áhöfn 1 kýr, 24 kindur og 1 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 0,5 karlmenn, 1 kona og 1 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1929 úr timbri steinsteypu ein hæð á kjallara, þak klætt icopalpappa. 273 m³. sex herbergi, tvö eldhús og forstofa. Stærð: 13,0 x 7,0 x 6,5 m.



Stutt saga húss:

Jörðina Brimnes stofnuðu bræðurnir Gunnar (1905-1980) og Jón (1898-1980) Níelssynir sem nýbýli úr landi Birnuness árið 1931. Þeir bræður byggðu íbúðarhús á Brimnesi 1928-30, steinsteypt með kjallara, þak með icopal pappa. 6 herbergi, 2 eldhús og forstofa. Gústaf Kjartansson (1922-1995) frá Grímstöðum á Fjöllum og kona hans Karólína Gunnarsdóttir (1924-2008) komu hingað austan af Fjöllum, keyptu jörðina af Jóni og Gunnari og hófu búskap 1947. Nýtt íbúðarhús var byggt á Brimnesi 1981 og frá þeim tíma hefur gamla íbúðarhúsið verið notað sem geymsla. Kjartan, sonur þeirra hjóna hóf búskap í sambýli við foreldra sína 1965 og eftir að gömlu hjónin brugðu búi, tók Arnar sonur þeirra við búrekstrinum ásamt Kjartani bróður sínum.



Athugasemd um húsið:

Gamla húsið er nú nýtt sem geymsla og er að mestu eða öllu leiti óbreytt frá upphafi. Þó hefur verið sett bárujárn á þakið snemma á ferlinu. Það er í niðurníðslu og stendur óupphitað og afrækt innan um hrörleg útihús.

Athugasemd um umhverfi húss:

Umhverfi hússins er ákaflega draslaralegt og gamli garðurinn afræktur og girðing sliguð og brotnir staurar.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1931-1938	Gunnar Níelsson Helga Jónsdóttir	Níels Kristinn (1928) Petrea Jóney (1929)
1931-1947	Jón Kristján Níelsson Petrea Jónsdóttir	Jón Marinó (1926) Elsa kristín (1928) María (1936)
193?-194?	Helgi Ásgrímsson Þóra Ingibjörg Þorsteinsdóttir	Þorkell (1919) Jóhann (1920) Ásgrímur (1923) Gunnar Ingi (1925) Ragnar Magnús Svavar (1927) Ólafína Pálína (1922)
1947-1990	Sigurður Gústaf Kjartansson (Grímstöðum Fjöllum) Karólína Björg Gunnarsdóttir	Kjartan (1945) Gunnar (1947) Emelía (1951) Rúnar (1958) Arnar (1964)
1947-1967 -1964	Kjartan Kristjánsson (<i>úr Laxárdal</i>) Salóme Sigurðardóttir	Arnbjörn Árni (1925)
1947-1951	Arnbjörn Árni Kjartansson Gunnhildur Þ Hjarðar	Sigurður (1949)
1965 og enn	Kjartan Gústafsson	
1990 og enn	Arnar Gústafsson	

Syðri-Ás

1949 Íbúðarhús
1949 geymsla

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Syðri-Ás – sept. 1934. Eigandi Lárus Þorsteinsson. Torfbær.

Steinhús nýbyggt og metið 31/7 1950.

Húsið er steinhús, 1 hæð á kjallara. Kjallarinn er í 4 hólfum. Á hæðinni er 4 herbergi og eldhús og gangur eftir breiddinni. Í húsinu er miðstöð og olía notuð til ljósa. Stærð: 7,2 x 6,5 x 6,0 m.



Fasteignarmat 1940.

Eigandi og ábúandi Lárus Þorsteinsson. Tún 0,7 ha. Jarðvegur ekki góður. Töðufall 5 síðustu ára um 20 hestburðir. Áhofn 8 kindur. Húsakostur, torfbær (horfin)

Stutt saga húss:

Bærinn Syðri-Ás eða bara Ás

stendur nokkuð ofan við Hauganes. Var hann byggður á nokkrum hekturum úr landi Selár snemma á síðustu öld. Marteinn Lárus Þorsteinsson (1896-1978) og kona hans Vilhelmína Baldvina Jónsdóttir (1899-1981) hófu þar búskap 1925. Þau byggðu íbúðarhúsið sem enn stendur 1949. Húsið er steinhús, 1 hæð á kjallara með valmáþaki. Kjallarinn er í 4 hólfum. Á hæðinni er 4 herbergi og eldhús og gangur eftir breiddinni. Þau brugðu búi 1973 og var býlið í eyði til 1975 þegar Hjalti Örn Sigfússon (1947) frá Rauðuvík og kona hans Aðalheiður Helgadóttir (1949) frá Kjarna í Arnaneshreppi eignuðust Ás og hófu þar búskap. Eftir að þau hættu búskap 1986 eignuðust þau Jónas Þór Jónasson (1966) og Ásdís Gunnlaugsdóttir (1969) bæinn og bjuggu þar til 1999, en þá keypti Nína Mikaelsdóttir (1968) og átti til 2014. Enn er búseta í Ási en ekki er þar um neinn búskap að ræða lengur. Núverandi eigandi er Ingvi Rafn Ingvason tónlistamaður.



Athugasemd um húsið:

Húsinu á Syðra-Ási hefur verið haldið þokkalega við en litlar sem engar breytingar verið gerðar á því. Fyrir 1990 hefur verið smíðaður inngangsskúr upp á útitróppunum, austan á húsinu úr timbri klæddur bárujárni.

Athugasemd um umhverfi húss:

Ási fylgir 1.000,0 m² lóð í eigu Ríkissjóðs Íslands. Netgirðing með járnstaurum er umhverfis húsið. Austan húss er matjurtargarður girtur timbur grindverki en sunnanvið húsið eru gróskumikil birkitré.



Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1973	Marteinn Lárus Þorsteinsson Vilhelmína Baldvina Jónsdóttir (fósturbarn) (fósturbarn)	Sigurlaug Sigríður (1928) Guðrún Jóhanna (1930) Vilhjálmur Rafn Agnarsson (1941) Sigurður Baldwin (1942)
1925-1951	Sigurlín Sigríður Ólafsdóttir Sigurlaug Sigríður Lárusdóttir	(móðir Lárusar) Elínborg V. Jónsdóttir (1951) Sigrún Jónsdóttir (1953) Stefán L Jónsson (
1973-1975	Í eyði	
1975-1986	Hjalti Örn Sigfússon Aðalheiður Helgadóttir	Rannveig Edda (1967) Laila Björk (1968)
1986-1999	Jónas Þór Jónasson Ásdís Gunnlaugsdóttir	
1999-2014	Nína Mikaelsdóttir	
2014 og enn	Ingvi Rafn Ingvarson	

Selá	1937, íbúðarhús. 1937 hlaða.	Fastanr. 2156543 Fastanr. 2156546	landnr. 152170 landnr. 152170	136,0 m ² 45,3 m ²
-------------	---------------------------------	--------------------------------------	----------------------------------	---

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Selá – 26. Apríl 1934. Eigandi Ríkissjóður (kirkjujörð) A: Bær úr torfi og grjóti. Baðstofa í þrennu lagi. Öll þiljuð loft, veggir og gólf. Öll undir suð. Þilstofa og sunnan. Gluggar og byr í minna lagi. Stærð: 9,0 x 3,8 x 3,0 m. B: nærst baðstofu er bún og eldhús, sitt til hvorar handar. Bún úr torfi og timbri. Stærð: 3,0 x 4,5 x 2,5 m. C: Eldhús úr torfi og tré. Stærð: 3,0 x 4,0 x 2,5 m. D: Framhús með framhlið úr timbri, tveim burstum fram og lost á parti. Þiljað innan að nokkru. Stærð: 10,5 x 4,0 x 3,5 m. E: Geymsla, að mestu úr torfi. Stærð: 4,0 x 2,4 x 2,5 m. F: Gangur til baðstofu. Stærð: 5,0 x 1,0 x 2,5 m. G: Norðan bæjardyra fjós fyrir 5 gripi. H: Hlaða norðan fjárhúsa hlaðin úr torfi og grjóti með torfbaki. Stærð: 8,5 x 4,0 x 4,5 m.



Selá – jan. 1938. Eigendur Konráð Sigurðsson og Friðrik Þorsteinsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu, þiljað að innan og stoppað. Ein hæð með kjallara og lágu risi. Á hæðinni er gangur eftir endilöngu húsinu, þrjár stofur og tvö svefnherbergi. Á kjallara eru þríu geymsluberbergi, eldhús og þvottahús. Stærð: 8,5 x 7,9 x 6,4 m.

Selá 11/1 1948. Norðan við húsið er fjós úr einfaldri steinsteypu þiljað innan og stoppað. Stærð: 10,5 x 4,4 x 3,2 m. Hlaða áfost úr einfaldri steinsteypu með bárujárnsþaki. Stærð: 10,5 x 5,5 x 4,5 m.



Virðingarblöð frá 1938-41

Eigendur og ábúendur Konráð Sigurðsson og Friðrik Þorsteinsson. Íbúðarhús byggt 1938 úr steinsteypu. Ein hæð og kjallari, lágt ris og járnþak. Á hæðinni 5 herbergi og gangur. Í Kjallara eldhús, þvottahús og geymsla. Stærð: 8,5 x 7,9 x 5,7 m. Miðstöð. Fjós fyrir 8 kýr, steinsteypt innanþiljað á 2 vegu, pappaþak. Fjárhús fyrir 80 fjár úr torfi. Þurrheyshlöður 160 m3. 2 úr torfi.

Fasteignarmat 1940

Eigandi lands Ríkissjóður og eigandi húss og ábúendur er Konráð Sigurðsson og Friðrik Þorsteinsson. Tún 6,0 hestburðir, nokkur harðlent. Töðufall 5 síðustu ára um 180 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 45 kindur og 2 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 2 konur og 2 hestar. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1938 úr steinsteypu, ein hæð með kjallara og lágu risi. Á hæðinni fimm herbergi, gangur. Í kjallara eldhús, þvottahús og



geymsla. Stærð: 8,5 x 7,9 x 5,7 m.

Stutt saga húss:

1394 er Selár getið í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi. Þar kemur fram að Árskógskirkja á „Alla reka ad helmingi vidur Selá og flutningar og öll önnur fjörugögn ad helminge“.

Selárbærinn stóð nokkru ofar og utar en núverandi íbúðarhús, en hann hrundi til grunna í Jarðskjálftanum 2. Júlí 1934. Bærinn stendur niðri við sjó skammt frá Hauganesi, en kauptúnið hefur byggst úr landi Selár.

Mávarnir Friðrik Þorsteinsson (1908-1982) og Konráð Sigurðsson (1902-1992) og konur þeirra, systurnar Anna (1911-1983) og Soffía Júníu Sigurðardætur (1906-1999) frá Brattavöllum, endurreistu býlið og hófu búskap hér 1937. Þá hafði jörðin staðið í eyði frá hausti 1934. Þau byggðu íbúðarhús 1938 úr einfaldri steinsteypu á einni hæð og kjallari, lágt ris og valmapak, járnklætt. Á hæðinni 5 herbergi og gangur. Í Kjallara eldhús, þvottahús og geymsla. Þau Konráð og Soffía hættu búskap 1943 og fluttu á Litla-Árskófssand en Friðrik og Anna héldu áfram búskap með alla jörðina til ársins 1972. Þá keyptu Sævar Vagnsson og Ásta Jónsdóttir Selá og stóðu þar fyrir búi til ársins 1976 þegar Sævar Einarsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir eignuðust býlið og ráku það til 1987. Þau Arnar Sverrisson og Kari Mette Jóhansen koma að Selá 1987 og voru til 1993 og Símon Valbergsson og Anna Sverrisdóttir komu 1988 og voru til 1995 og þar með lauk fastri ábúð á Selá og hefur jörðin verið í eyði síðan en þeir Arnar og Símon voru skráðir eigendur til 2006 þegar Jarðeignir Ríkisins eignuðust Selá. Núverandi eigandi er Pétur Einarsson og er þar rekin ferðapjónusta.



Athugasemd um húsið:

Litlar breytingar hafa verið gerðar á íbúðarhúsinu á Selá fyrir utan hefðbundið viðhald. Búið er að endurnýja glugga og gler en útlit þeirra er upphaflegt. Skipt hefur verið um járn á þaki. Fjósið og hlaðan sem áfast er íbúðarhúsinu hefur verið tekið mikið í gegn og er nú notað í ferðapjónustu.

Athugasemd um umhverfi húss:

Selárjörðin er austan í ásnum ofan við Hauganes en þorpið stendur á landi sem áður tilheyrði jörðinni. Fjárhús og hlaða sem stóðu áður vestan og ofan við íbúðarhúsið fauk í miklu roki haustið 2014.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1937-1943	Konráð Sigurðsson Soffía Júnía Sigurðardóttir	Alfreð (1930) Sigurður Tr (1938)
1940?	Guðrún Pétursdóttir (léttastúlka)	
1937-1972	Friðrik Þorsteinsson Anna Sigurðardóttir	Anna Friðrika (1935) Svanhildur Agnes (1937) Sigurlaug Valdís (1940) Soffía Júnía (1942) Bryndís (1943) Þóra Sigrún (1945) Þorsteinn Valtýr (1946) Ingimar Björgvin (1951) Freygerður (1953)
1940-1966	Sigurlaug Valdís Konráðsdóttir	Valdís Erla Eiríksdóttir (1964)
1945-1968	Þóra Sigrún Konráðsdóttir	Friðrik Þór Valsson (1966)
1972-1978 -1976	Snævar Valentínus Vagnsson Ásta Lilja Jónsdóttir	
1978-1987	Sævar Einarsson Jóhanna Elín Gunnlaugsdóttir	Gunnlaugur Einar (1977) Gísli Davíð (1979) Jóhann Rúnar (1986) Jón Stefán (1988)
1987-2006	Arnar Sverrisson Kari Metta Johansen.	Eygló Svala (1980) Sverrir Ari (1982) Egill Már (1984)
1988-2006	Símon Hrafn Valbergsson Anna Kristín Sverrisdóttir	Eva (1979) Ingibjörg María (1990)
2006-2012	Jarðeignir ríkisins	
2012-2013	Ingibjörg P Guðmundsdóttir	
2013-2013	BÚ ehf.	
2013-2013	Mikligarður ehf.	
2013 og enn	Pétur Einarsson	

Selárbakki 1942, íbúðarhús fastanr. 2156553 landnr. 152173 144,0 m²
1950, geymsla

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Selárbakki - 25. apríl 1934. Eigendur Jóhann Magnússon og Jón Jónsson. A: Torfbær, með langhúsi úr timbri. Þak úr timbri og torfi. Loft, gólf og skilrúm úr timbri og torfi. Kjallari undir nokkrum hluta þess, hlaðinn úr grjóti. Portbyggt með kvisti. Við norðurhlíð hússins er áfastur timburskúr. Stærð: 6,6 x 3,8 x 5,0 m. B: Frá framhúsinu liggar gangur til baðstofu. Norðan gangsins er eldhús úr torfi og timbri. Stærð: 4,8 x 2,5 x 3,0 m. C: Sunnan gangsins búnar þiljað innan að mestu. Stærð: 5,0 x 2,3 x 3,0 m. D: gangurinn. Stærð: 7,0 x 1,0 x 3,0 m. Baðstofa í þrennu lagi, alþiljuð. Stærð: 9,4 x 3,8 x 3,0 m. E: við norðurendi framhúss er fjós fyrir 5 gripi. F: vestan fjóssins er geymsla. Stærð: 9,0 x 2,8 x 3,5 m. Veggjabykkt ca. 2 m. Dyr og gluggar í minna lagi á baðstofu. Hinir tryggðu eru Hallur Frímannsson, Frímann Þorvaldsson, Gunnar Frímannsson og Guðmundur Benidiktsson.



Selárbakki – 25. apríl 1934. A: Við suðurenda framhúss á Selárbakka, sem lýst hér að ofan, er íbúðarbygging úr timbri, með timbur og tjörupappaþaki. Ein hæð með litlu risi. Skipt sundur með timburskilrúmi. Alþiljað innan. Stærð: 5,2 x 3,7 x 3,5 m. Gluggar og dyr í fullkominni stærð. Hinn tryggði er Valtýr Jónsson.

Selárbakki – okt. 1943. Eigandi Valtýr Jónsson. Íbúðarhús, ein hæð úr timbri á steyptum kjallara. Í húsinu er, forstofa, eldhús, ein stofa, þrjú svefnherbergi. Þiljað, strigalagt og bréflagt. Í kjallara er þvottahús að öðru leiti er hann notaður til geymslu. Stærð: 9,9 x 7,15 x 5,0 m. Við bakhlið hússins er fjós og heyhlaða.

Metið úтиhús 10.10. 1948. Fjós og hlaða. Fjósið hlaðið úr R-steini. Hlaða úr einfaldri steinsteypu. Stærð fjóss: 15,0 x 10,5 x 2,6 m. Hlöðu: 15,0 x 10,5 x 4,3 m.

Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi, Jóhann Magnússon og ábúandi Valtýr Jónsson. Íbúðarhús úr timbri portbyggt með kvisti, járnþak, áfastur timburskúr. Stærð: 6,6 x 3,8 x 5,0 m. Baðstofa úr torfi. Stærð: 9,4 x 3,8 x 2,5 m. Eldhús, gangur af torfi. Stærð: 4,8 x 2,5 x 2,5 m. Búnar úr torfi. Stærð: 5,0 x 2,3 x 2,5 m. Gangur úr torfi. Stærð: 7,0 x 1,0 x 2,5 m. Upphitað með ofnum. Fjós fyrir 5 kýr úr torfi og timbri. Hesthús fyrir 3 hesta úr torfi, lélegt. Fjárhús fyrir 100 fjár úr torfi, stæðilegt. 2 þurrheyshlöður 70 og 90 m³. úr torfi og járnþak á annarri, ein hlaða 160 m³ úr torfi. Sjóbúð, skúr úr timbri járnþak. Stærð: 2,3 x 2,0 x 2,0 m.



Fasteignarmat 1940

Eigandi Jóhann Magnússon og ábúandi er Valtýr Jónsson. Tún 5,67 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 150 hestburðir. Áhöfn 5 kýr, 60 kindur og 4 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 2 stúlkur, 1 unglingsur og 3 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Íbúðarhús Selárbakka. Eigandi Jón

Jónsson en eigandi lóðar Jóhann Magnússon Selárbakka. Íbúðarhús byggt 1931 úr timbri með pappaþaki ein hæð með lágu risi. Fremur óvandað og sæmilega viðhaldið. Stærð: 5,2 x 3,7 x 3,1 m.

Stutt saga húss:

1318 er fyrst minnst á Selárbakka í Íslensku fornbréfasafni. Þar er minnst á bæinn í kaupbréfi en þá keyptu Ólafur Sigurðsson og Jórunn Brynjólfssdóttir jörðina á 10 hraðum.



Selárbakki var innsti bær í Vallahreppi hinum forna. Gamli bærinn á Selárbakka stóð nálega þar sem íbúðarhúsið á Selárbakka stendur nú. Framhús gamla bæjarins var rifið þegar íbúðarhúsið sem nú stendur var byggt en torfbærinn var vestan við (á bak við) framhúsið og stóð hann eitthvað lengur. Valtýr Jónsson (1895-1976) og Rakel S. Jóhannsdóttir (1891-1958) hófu búskap á Selárbakka 1925 og byggðu íbúðarhús úr timbri á steinsteyptum kjallara árið 1942. Seinna var húsið forskalað. Valtýr hélt áfram búskap með dóttur sinni Margréti (1926-2012) og dóttursyni, Óskari Harðarsyni, eftir að Rakel kona hans dó. Búskap var hætt á Selárbakka undir lok 20. aldar en tún eru enn nytjuð.

Athugasemd um húsið:

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á íbúðarhúsinu á Selárbakka. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og þeim breytt þannig að áður voru gluggar með tveimur standandi pósum sem skiptu glugganum í þrjú jafnstóra hólf og einum ligggjandi pósti í báðum endahólfum gluggana sem skipti þeim hólfum í stærra hólf að neðan og minna að ofan og laust fag í öðru litla hólfini. Nýju gluggunum er skipt með einum standandi pósti sem skiptir glugganum í eitt stórt hólf og annað mjótt með lausu fagi. Kjallarinn hefur verið einangraður með 75 mm. steinull og múrað á hana. Hæðin hefur verið einangruð í timburgrind og klætt á hana með hvítu bárujárn. Þak hefur verið endurnýjað og skipt um járn. Við það tækifæri hefur reykháfur verið fjarlægður.



Athugasemd um umhverfi húss:

Ekki hefur verið búið í húsinu síðan 2012 og er húsið nýtt sem frístundahús. Enginn garður er við húsið en hlað og heimreið snyrtileg. Bærinn steindur austan þjóðvegar og norðan við Hagaás. Norðan bæjarins er Selárgil. Tún eru allt í kringum bæinn, sem og vestan þjóðvegar. Þau eru nytjuð af ábúendum í Stærri-Árskógi.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1925-1971 -1958	Valtýr Jónsson Rakel Jóhanna Jóhannsdóttir	Óskar Cato Aðalsteinn (1922) Maríanna (1920) Kristín Sesselja (1924) Margrét (1926) Baldvin Péturson (1932) tökub.
1900-194?	Jóhann Kr Magnússon (<i>faðir Rakelar</i>)	
1938-194? -1958	Jón Jónsson María Sigurrós Þorsteinsdóttir	
1971-	Margrét Valtýsdóttir	Óskar Harðarson (1945)
1971-	Óskar Harðarson	

Hátún 1950, fjós

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Hátún – maí 1934. Eigandi Bjarni Pálsson. Hús úr timbri torfi og járni.

Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Bjarni Pálsson. Íbúðarhús byggt 1914 úr timbri, torfi og járni. Hlaðinn kjallari þar í baðstofa og eldhús. Stærð: 9,5 x 3,6 x 6,0 m. Geymsluhús úr torfi og timbri. Stærð: 4,5 x 2,7 x 3,0 m. Fjós fyrir 4 kýr úr torfi. Hesthús fyrir 3 hesta úr torfi. Fjárhús fyrir 55 fjár úr torfi og járni. Þurrheyslaða 140 m³. 2 úr torfi og grjóti með járnþaki.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Bjarni Pálsson. Tún 3,5 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 100 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 50 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 stúlka og 2 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 5 manns.

Stutt saga húss:

Jósteinn Jónsson og Jórunn Margrét Kristjánsdóttir stofnuðu hér nýbýli á háflendi Syðra-Kálfskinns 1914 og bjuggu hér til 1920 þegar Jósteinn dó. Jórunn bjó hér áfram ásamt fóstursyni sínum, Jóhanni Óla Sæmundssyni til 1929. Bjarni Pálsson og Guðrún Emilía Jónsdóttir bjuggu í Hátúni 1920 – 1929 og aftur 1930 – 1957.



Athugasemdir um húsið:

Gamla fjósið of hlaðan eru mikið til óbreitt frá fyrstu tíð.

Athugasemdir um umhverfi húss:

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1920-1957 -1978	Bjarni Pálsson Guðrún Emilía Jónsdóttir	Hjalti (1917) Steinunn (1920) Jón Reynir (1925) Höskuldur (1929)
1957-2001	Steinunn Bjarnadóttir	
1957-1994	Jón Reynir Bjarnason	
1957 og enn	Höskuldur Bjarnason Ingibjörg Ólafsdóttir	Bjarni Halldór (1957) Elías Þór (1959) Guðrún Emilía (1961) Soffía Kristín (1963) Ragnheiður Inga (1971) Ólafur Páll (1975)
1995 og enn 2006 og enn	Ólafur Páll Höskuldsson Anna Lauga Pálsdóttir	Ísadóra (2008)

Ytra-Kálfsskinn 1934, íbúðarhús. Fastanr. 2156483 landnr. 152160 144,2 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Ytra-Kálfsskinn – sept. 1934. Eigandi Jón

Einarsson. A: Íbúðarhús úr timbri járnklætt. Ein hæð á steyptum grunni, með skúrbaki úr járni. Inngangur, ein stofa og tvö svefnherbergi. Stærð: 7,0 x 5,4 x 3,0 m. Áfast, norðan hússins er gamall bær með framhlið úr timbri. Stærð: 9,5 x 4,8 m. B: Næst húsinu er eldhús alþiljað mið lofti. Stærð: 4,0 x 3,8 x 3,5 m. C: Norðan eldhússins er inngangur og portbyggð stofa alþiljuð með geymslu á lofti. Stærð: 4,0 x 2,5 x 4,0 m. D: Vestur úr eldhúsinu er gangur, alþiljaður. Stærð: 6,0 x 1,5 x 3,0 m.



E: Að norðan geymsla óþiljuð. Stærð: 4,0 x 3,0 x 3,0 m. F: Að norðan geymsla óþiljuð. Stærð: 4,0 x 3,0 x 3,0 m. G: Áfast við bæinn að vestan er fjós fyrir 7 gripi. Einföld steinsteypa á two vegu, en torf og grjót á two. Þakið úr bárujárn og torfi. Í bænum er vatnsleiðsla.

Virðing 1946.

Fjós, heyhlaða og mykjuhús. Hlaða, steyptur neðri hluti veggja, efrihluti úr timbri og járni. Stærð: 13,0 x 5,0 x 6,5 m. Fjós steyptir veggir á two kanta, hitt timbur. Klætt með asbestos. Þak úr timbri og bárujárn. Stærð: 13,0 x 4,5 x 3,0 m. Mykjuhús steyptir veggir með járnþaki. Stærð: 8,0 x 3,0 x 2,5 m.

Viðbótarbygging metin 30/12 1949. (kvíknaði í 4/3 1949).

Viðbótarbygging við íbúðarhús. 2 svefnherbergi og eldhús, þvottahús og geymsla. Kjallari undir geymslunni. Stærð hans: 7,0 x 3,5 x 2,0 m. Hæðin er hlaðin úr R-steini á steyptum grunni. Steypt skilrúm og asbestos í loftum. Stærð: 11,0 x 7,0 x 3,5 m. Loft gólf og skilrún úr steinsteypu og asbestos.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Jón Einarsson. Tún 5,3 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 160 hestburðir. Áhöfn 5 kýr, 50 kindur og 3 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 2 karlmenn, 1 konur og 3 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 11 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr timbri járnklætt, ein hæð, skúrlag, járnþak. 113 m³. 3 herbergi og gangur, eldhús, stofa, búr og geymsla. Stærð: 7,0 x 5,4 x 3,0 m.



Stutt saga húss:

Á bæinn er minnst í Guðmundar sögu dýra en þar átti að hafa búið Ásgerður um 1190 sem Ingimundur nokkur átti að eiga í sambandi við þrátt fyrir að vera lofaður Þorgerðri Þorgeirsdóttur sem bjó á Brattavöllum. Endaði þetta mál með því að Ingimundur vög Helga Halldórsson prest í Árskógi og tengdasonur Þorgerðar og flyði síðar með Ásgerði að Reykjahömrum þar sem hann var veginn.

Í Kálfsskinni eru þrjú íbúðarhús, eitt í landi Syðra-Kálfsskinns en tvö á ytri bænum. Nýjasta íbúðarhúsið á Ytra Kálfsskinni er byggt 1975 og stendur fram á brekkubrúninni þar sem áður voru útihús frá Ytra-Kálfsskinni, en um 130 m ofar er eldra íbúðarhúsið og þar stóð gamli bærinn áður. Engin ummerki sjást um gamla bæinn enda öllu rutt út eftir að gamli bærinn

brann 1949. Jón Einarsson (1892-1981) og fyrri kona hans, Rósa Elísabet Stefánsdóttir (1888-1929) hófu búskap á Ytra-Kálfskinni 1920. Elísabet. Seinni kona Jóns var Margrét Jóhanna

Sveinbjarnardóttir (1893-1971). Árið 1934 byggðu þau við gamla bæinn sem allur var úr torfi og grjóti, nýtt íbúðarhús úr timbri járnklætt. Ein hæð á steyptum grunni, með skúrbaki úr járni. Inngangur, ein stofa og tvö svefnherbergi. Árið 1949 brennur norðurparturinn af gamla bænum út frá 10 línu olíulampa. Mönnum tókst að verja nýja partinn og gamli hlutinn sem brann var hreinsaður burt og viðbótarbygging byggð við íbúðarhúsið. Þar voru tvö svefnherbergi og

eldhús, þvottahús og geymsla. Kjallari er undir geymslunni. Hæðin er hlaðin úr R-steini á steyptum grunni. Steypt skilrúm og asbestos í loftum. Loft gólf og skilrún úr steinsteypu og asbestos. Sveinn, sonur þeirra Jóns og Jóhönnu tók við búskap í Kálfskinni af foreldrum sínum 1959 ásamt konu sinni, Ásu Marinósdóttur. Eftir að þau byggðu nýja íbúðarhúsið 1975 hefur gamla húsið verið notað sem gestahús. Sveinn og Ása brugðu búi 2007 og fluttu niður á Hauganes, en þá tók sonur þeirra Jón Ingi og kona hans Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir við búi. Yngsti sonur Sveins og Ásu, Marinó Viðar á nú gamla íbúðarhúsið í Kálfskinni.



Athugasemdir um húsið:

Eftir brunann 1949 og í tengslum við nýbygginguna var eldri partur hússins forskallaður. Sú forskalling sprakki með tímanum og fjarlægði Sveinn hana seinna og klæddi húsið allt með lituðu trapisu-áli. Skipt hefur verið um alla glugga í húsinu og þeim breitt þannig að þar sem áður voru gluggar með tveimur standandi póstur sem skiptu glugganum í þrjú hólf, stærst í miðjunni en mjórri til beggja handa. Einn liggjandi póstur sem skipti glugganum í þrjú stærri hólf að neðan og þrjú minni að ofan. Laust fag var í mið hólfí að ofan. Nýju gluggarnir er með einum standandi pósti sem skiptir gluggunum í tvö hólf, annað langt og mjótt og í því laust fag.



Athugasemdir um umhverfi húss:

Umhverfi hússins er fábreytilegt. Garður er sunnan og vestan við húsið og er hann afgirtur með timburgrind og neti. Eitt grenitré er í garðinum.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1920-1959 -1929 1931-1959	Jón Einarsson Rósa Elísabet Stefánsdóttir Jóhanna Margrét Sveinbjarnardóttir	Brynhildur (1916) Gunnhildur (1916) Bergrós (1921) flutti 1949 Helga Steinunn (1921) Einar (1922) Þórey (1927) flutti 1947 Sveinn Elías (1932) Hulda Jóhannsdóttir (1927) tökub. Guðmundur Gunnólfur (1940) tökub.
1947- 1920-	Guðrún Einarsdóttir (systir Jóns)	
1947-1960	Guðmundur Gunnólfur Jónsson	
1950-	Einar Arnór Jónsson (v.m.)	
1959-2007	Sveinn Elías Jónsson Ása Marinósdóttir	Jón Ingi (1959) Margrét (1960) Erla Gerður(1966) Marinó Viðar(1971)
	Sverrir Ósmann Sigurðsson műrari Erna Hallgrímsdóttir	
2007 og enn	Marinó Viðar Sveinsson	Gabríel Daði (1999)

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Syðra-Kálfsskinn – des. 1934. Eigandi Sigfús Þorsteinsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinsteypu. Kjallari og ein hæð og nokkurt ris. Innréttning, ein stofa, 3 herbergi og eldhús. Rishæðin óskipt, notuð til geymslu. Kjallari í þrem hlífum, skiptum með steinskilrúnum. Notaður til geymslu. Stofur alþiljaðar innan, strigalagðar og veggfóðraðar. Stærð: 8,2 x 7,0 x 7,5 m.



11/1. 1948. Fjós úr einfaldri steinsteypu. Þiljað innan. Timbur, pappi og járn á þaki. Stærð: 7,0 x 4,0 x 3,3 m. Hlaða úr einfaldri steinsteypu með einöldu járnþaki. Stærð: 10,2 x 5,2 x 5,5 m. Fjárhús með steinsteyptum veggjum, klædd innan. Þak úr timbri, tróði, járnklædd. Stærð: 10,2 x 7,2 x 3,0 m.

Hús í smíðum. Ásmundur Sigfússon vátryggir frá 22/12 1938

Virðingarblöð frá 1938-41

Eigandi og ábúandi Sigfús Þorsteinsson. Íbúðarhús byggt 1935 úr steinsteypu. Ein hæð, með kjallara, risi og járnþaki. Stærð: 8,2 x 7,0 x 6,4 m. Á hæð 4 herbergi, 1 eldhús. Í kjallara miðstöðvargeymsla, ekki fullbúin. Fjós fyrir 4 kýr úr steinsteypu með járnþaki. Haughús 40 m³ úr steinsteypu með járnþaki. Fjárhús fyrir 26 fjár úr torfi. Þurrheyshlöður 90 m³. úr torfi. 2 votheyshlöður 17 m³. Úr torfi.

*Fasteignarmat 1940*

Eigandi og ábúandi er Sigfús Þorsteinsson. Tún 3,0 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 90 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 45 kindur og 10 hross. Fólk og hestafli við heyskap er 1 karlmenn, 1 stúlka, 1 unglungur og 2 konur. Fjöldi fólks á heimili er 7 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1934 úr steinsteypu, ein hæð, ris og kjallari, járnþak. 230 m³. 4 herbergi 1 eldhús á hæðinni. Stærð: 8,2 x 7,0 x 6,0 m. Samþyggt fjós fyrir 4 kýr úr steinsteypu með járnþaki. Haughús 40 m³ úr steinsteypu með járnþaki.

Stutt saga húss:

Á Kálfsskinn er minnst í Landnámabók. Þar segir að í Kálfsskinni hafi búið Grímur nokkur, sonur Helga Narfasonar sem var sonur Narfa Arnarsonar en Arnar var frændi Hámundar heljarskinns, sem fyrstur settist að á þessu svæði. Nýbýlið Hátún var byggt út úr Syðra-Kálfsskinnslandi snemma á síðustu öld en eftir stóð tún sunnan við bæinn og landræma til fjallsins ofan við Hátún. Á þeiri landræmu er Hrærekshóll. Hjónin Sigfús Valur Þorsteinsson



(1890-1979) formaður og bátasmiður og Guðlaug Ásmundsdóttir (1879-1952) keyptu jörðina og hófu búskap í Syðra-Kálfskinni 1915. Þau byggðu íbúðarhús 1935 úr steinsteypu. Ein hæð, með kjallara, risi sem ekki var innréttar og járnþaki. Á hæð 4 herbergi, 1 eldhús. Í kjallaranum var bátasmiðjan og þar voru smíðaðir margir bátar. Sigfús sagði sjálfur að hann hafi smíðað 129 báta um ævina og trúlega flesta þarna í kjallaranum. Eftir að Guðlaug dó tóku börn þeirra Sigfúsar þau Bragi (1920-1994) og Bára (1921-2009) við búsföræðum og bjuggu með föður sínum meðan honum entist aldur. Búskap var hætt í Syðra-Kálffsskinni árið 1987 og ábúð 1998. Nú er íbúðarhúsið nýtt sem sumarhús eigenda sem eru fæddar og uppaldar í Ytra-Kálffsskinni. Þær eru Margrét Sveinsdóttir (1960) Garðabæ og Erla Gerður Sveinsdóttir (1966) á Seltjarnarnesi.

Athugasemdir um húsið:

Miklar breytingar voru gerðar á húsinu 2010. Þakið var tekið af, og því lyft um eina 80 cm.



Settir voru tveir riskvistir, einn sinn hvoru megin á þakið. Við það tækifæri var reykháfur fjarlægður. Gerðar voru svalir ofan á útbyggða forstofu sem fyrir var við útitröppur austan á húsinu. Settar voru útidyr sunnan við útitröppurnar. Skipt var um alla glugga í húsinu og þeim breytt þannig að þar sem áður voru gluggar með tveimur standandi póstur sem skiptu glugganum í þrjú hólf, stærst í miðjunni en mjórri til beggja handa. Einn liggjandi póstur sem skipti glugganum í þrjú stærri hólf að neðan og þrjú minni að ofan. Laust fag var í miðhólfí að ofan. Nýju gluggarnir er með einum liggjandi pósti sem skiptir gluggunum í tvö hólf, stórt að neðan og mjótt að ofan. Í efra hólfinu er laust fag og er því skipt með þremur standandi sprossum í fjögur smáhólf. Verið er að innréttu gamla fjósið, mjólkurhúsið og hlöðuna sem gestastofu. Búið er að skipta þar um glugga og útihurðir og laga mûrskemmdir á útveggjum.



Athugasemdir um umhverfi húss:

Umhverfi hússins er snyrtilegt og búið að planta trjám í kringum húsið. Í skotinu bak við húsið er sólpallur og í kring um hann timburgirðing.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1914-1979 -1952	Sigfús Valur Þorsteinsson Guðlaug Ásmundsdóttir	Iðunn (1909) Þóra Ágústa (1913) Jóhann Guðmundur Bragi (1920) Bára (1921)
1952-1994	Jóhann Guðmundur Bragi Sigfússon	
1952-1994	Bára Sigfúsdóttir (ekkja)	Sigfús Jónsson (1943) Guðrún Árný Jónsdóttir (1945)
1994-2001	Í eyði	Björgvin Jónsson (1946)
2001	Sigfús Jónsson Guðrún Árný Jónsdóttir Björgvin Jónsson	
2001-2005	Höskuldur Bjarnason Jóhannes Jakobsson	
2005 og enn	Magrét Sveinsdóttir Erla Gerður Sveinsdóttir	

Gata. 1948 sumarhús fastanr. 2156570

landnr.205160

69,00 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Gata – okt. 1934. Eigandi Þorsteinn

Jóhannesson. A: Baðstofa í tveimur hólfum, þiljuð að mestu leiti. Stærð: 6,0 x 3,2 x 3,0 m. B: Eldhús óþiljað að mestu. Stærð: 3,5 x 2,2 x 3,0 m. C: Búr, þiljað að mestu leiti. Stærð: 3,8 x 2,2 x 3,0 m. D: Gangur til baðstofu óþiljaður. Stærð: 6,0 x 1,0 x 3,0 m. E: Austan bæjarins er geymsla sín til hvorrar handar við innganginn. Að norðan alþiljað herbergi með þilstafni og geymslu á lofti. Stærð: 4,0 x 3,5 x 4,0 m. F: Að innan þiljað nema framstafn. Stærð: 2,9 x 3,5 x 3,0 m. G: Norðan bæjarins er fjós, fyrir fjóra gripi úr torfi og grjóti. H: Einnig er heyhlaða norðan bæjarins, hlaðin úr torfi. Stærð: 6,0 x 3,3 x 4,5 m.



Metið íbúðarhús 12/10 1948. Tveir kantar úr timbri, múrhúðað. Hinir tveir úr steinsteypu klætt innan með timbri. Inngangur, stofa, herbergi og eldhús. Stærð: 10,5 x 4,5 x 5,0 m.

Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Þorsteinn Jóhannsson. Tún 3,3 hestburðir, góð. Töðufall 5 síðustu ára um 115 hestburðir. Áhöfn 3 kýr, 20 kindur og 1 hross. Fólk og hestaflí við heyskap er 1,5 karlmenn, 2 konur, 1 unglingsur og 1 hestur. Fjöldi fólks á heimili er 6 manns.

Stutt saga húss:

Á svipuðum slóðum og Gata er nú var eyðibýlið

Skinnhúfa sem byggt var úr landi Haga 1712 en þar hét síðan Jónsgerði. 1831 var fyrst byggt býlið Gata á svipuðum stað og landareign afmörkuð. Bæjarhús í Götu standa enn og eru um 30-40 m sunnar en tóftir þær sem eiga að vera eftir Skinnhúfu. Gamli bærinn var gerður upp árið 1988 og stendur enn að hluta. Húsið er nú notað í bændagistingu. Gamli bærinn var úr torfi, grjóti og timbri, timburhlutinn stendur enn.



Hjónin Þorsteinn Á Jónsson (1893-1980) og Helga Einarsdóttir (1890-1973) hófu búskap í Götu 1927 og bjuggu lengst að í gamla torfbænum. Þau byggðu sér íbúðarhús 1948 úr steinsteypu og timbri. Tveir kantar úr timbri, múrhúðað. Hinir tveir úr steinsteypu klætt innan með timbri. Inngangur, stofa, herbergi og eldhús. Þau Þorsteinn og Helga búa í Götu til 1955 en þá tóku hjónin Jón Höskuldur Stefánsson (1915-1992) áður bóndi og kennari í Skógum í Öxarfirði, og Lilja Halblaub (1912-



1973), en þau stoppa aðeins við í 2 ár því 1957 kom þangað Jón Stefán Brimar Sigurjónsson (1928-1980) listmálarí og málarameistari ásamt foreldrum sínum þeim Sigurjóni Baldvinssyni

(1877-1967) og Oddný Baldvinsdóttur (1889-1964) Jörðin fór í eyði 1958 og heyrir nú undir Syðri- Haga.

Athugasemd um húsið:

Gamla íbúðarhúsið er vel viðhaldið og er þar rekin bændagisting.

Athugasemd um umhverfi húss:

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1927-1955	Þorsteinn Águst Jóhannsson Helga Soffía Einarsdóttir (tökubarn) (tökubarn)	Anna Septína (1921) Snorri Þór (1923) Rósa Elísabet (1929) Magnús R Gestsson (1927) Leifur Hilmar Jóhannesson (1939)
1948-1951	Baldvin Pétursson (v.m.)	
1955-1957	Jón Höskuldur Stefánsson Lilja Halblaub	Sigrún (1950)
1957-1958	Sigurjón Baldvinsson Oddný Baldvinsdóttir	Jón Stefán Brimar (1928)
1957-1959	Jón Stefán Brimar Sigurjónsson	
1957-1958	Þórdís Bagguly	Georg W (1943) Jón Baldwin (1948) Kristín (1950) Stephen (1953)
Frá 1958	Í eyði	

Ytri-Vík	1932, íbúðarhús	fastanr. 2156494	landnr. 152163	223,3 m ²
	1940, geymsla	fastanr. 2156496	landnr. 152163	69,1 m ²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Ytri-Vík - 25. Apríl 1934. Eigendur Frímann Þorvaldsson og Svavar Þorsteinsson. Íbúðarhús úr einfaldri steinssteypu. Kjallari og ein hæð með háu risi. Þak úr timbri og isopalpapp. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Reykháfur og miðstöðvaketill. Kjallari í tvennu lagi. Á hæðinni er auk forstofu, tvær stofur og tvö eldhús og tvö svefnherbergi. Klædd innan með þilvið pappa og veggfóðri. Efri hæðin er í sjö hólfum, stofa. Tvö svefnherbergi, eldhús og geymslur. Allt klætt þilvið, pappalagt og veggfóðrað nema geymslan. Stærð: 10,10 x 8,8 x 9,0 m. Frá húsi að næstu byggingu eru 80 m. Við austurhlið hússins er forstofa. Stærð: 2,5 x 2,2 x 5,0 m. Miðstöð. Gluggar: fullkomin stærð, vatnsleiðsla. Hinir tryggðu eru Frímann Þorvaldsson, Haukur Frímannsson, Svavar Þorsteinsson, Jónas Frímannsson, Gunnar Frímannsson og Guðmundur Benidiktsson.



Fasteignarmat 1940

Eigendur og ábúendur eru Frímann Þorvaldsson og Svavar Þorsteinsson. Tún 1,6 hestburðir, jarðvegur leirblendin. Töðufall 5 síðustu ára um 45 hestburðir. Áhofn 2 kýr, 15 kindur. Fólk og hestaflí við heyskap er 1 karl, i kona og 1 hestar. Fjöldi fólks á heimili er 18 manns. Húsakostur, íbúðarhús byggð 1930 úr steinsteypu á kjallara, ein hæð og hátt ris, járnþak. 440 m³. Á aðalhæð fjögur herbergi, tvö eldhús og ein forstofa. Á efrihæð þrjú herbergi, eldhús og geymsla. Stærð: 10,0 x 8,8 x 7,0 m. Dyraskýli. Stærð: 2,5 x 3,0 x 3,0 m.



Stutt saga húss:

Um aldamótin 1900 voru reistir tveir bærir við Selárvíkina sunnanverða, Ytri-Vík og Víkurbakki. Bærirnir standa á sjávarbakka og hafa, auk Sólbakka sem stendur þar skammt frá, verið í daglegu tali kallaðir Víkurbærir eða á Víkum. Byggðust þeir að mestu út úr landi Ytri-Haga. Það voru hjónin Frímann Þorvaldsson (1878-1960) og kona hans Sigríður Sveinbjörnsdóttir (1879-1966) sem létu byggja húsið í Ytri-Vík. Tengdasonur þeirra, Svavar Þorsteinsson (1902-1962) vélbátaformaður og skipasmiður, teiknaði húsið og smíðaði. Íbúðarhús úr einfaldri steinssteypu. Kjallari og ein hæð með háu risi. Þak úr timbri og isopalpapp. Loft, gólf og skilrúm úr timbri. Reykháfur og miðstöðvaketill. Kjallari í tvennu lagi. Á hæðinni er auk forstofu, tvær stofur og



tvö eldhús og tvö svefnherbergi. Klædd innan með þilvið pappa og veggfóðri. Efri hæðin er í sjö hólfum, stofa, tvö svefnherbergi, eldhús og geymslur. Allt klætt þilvið, pappalagt og veggfóðrað nema geymslan. Þegar best var bjuggu fimm fjölskyldur í húsinu og þá m.a. tvær upp í risinu. Þau Frímann og Sigríður hættu búskap 1957 og þá tók við sonur þeirra Arnþór Gunnar (1905-1976) of kona hans Gunnhildur Jónsdóttir (1916-2001) en þau brugðu búi 1965 og eftir það lagðist jörðin í eyði.

Á fjórða áratug 20. aldar var þaðan trilluútgerð þrátt fyrir afleita lendingu. Á árunum 1970 til 1984 var þar starfrætt rannsóknarstöð í náttúrufræði er nefndist Rannsóknarstöðin Katla. Síðan hún hætti er rekin bændagisting og tilheyrir landareignin Ytra-Kálfskinni.

Athugasemd um húsið:

Sveinn Jónson í Ytra-Kálfskinni tók við húsinu í Ytri-Vík 1983 og hóf þar ferðaþjónustu. Árið 1989 skipti hann um alla glugga í húsinu en breytti gluggasetningu ekki. Við það sama tækifæri gerði hann nýjan kvist á vesturhlið hússins og fjarlægði reykháf. Áður var líttkvistur með skúrbaki en Sveinn setti sambærilegan kvist þeim sem er á austurhlið hússins, þ.e.a.s. riskvist upp af útvegg en glugginn í honum er talsvert stærri en í kvistinum hinum megin.



Athugasemd um umhverfi húss:

Byggður hefur verið sólpallur austan við íbúðarhúsið og er þar heitur pottur. Í kringum pallinn er skjólveggur úr timbri. Austan við sólpallinn er garðhýsi sem notað er sem búnings og baðhús. Umhverfi hússins er snyrtilegt en engin trjágróður er þó við húsið. Gömlu fjárhúsin sem byggð voru 1940 standa ennþá óbreitt en vel viðhaldin og eru nýtt sem geymsla.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1909-1957 -1965	Frímann Þorvaldsson Sigríður Rósa Sveinbjörnsdóttir	Björn Sveinar Haukur (1903) Arnbór Gunnar (1905) Hallfríður Steinunn (1906) Þórhildur (1912) Jónas Guðlaugur (1915-1953)
1930-	Steinunn Elín Jónsdóttir (ekkja)	
1928-	Haukur Frímannsson , Kristín Björnsdóttir	Frímann Björn (1930) Anna Sigríður (1931) Jóhann Sveinn (1937)
1930-	Svavar Þorsteinsson	
1930-	Þorsteinn Jóhannesson Guðrún Lovísa Loftsdóttir	(foreldrar Svavars)
	Jónas Gunnlaugur Frímannsson	
1957-1965	Arnbór Gunnar Frímannsson Gunnhildur Jónsdóttir	Svandís (1938) Hörður (1942) Rafn (1944)
1956-1957	Svandís Gunnarsdóttir	Stúlka Ottósdóttir (1957)
1962-1964	Hörður Gunnarsson Kristín Tveeten (Færeyjum)	Anton Þór (1961)
Frá 1965	Guðmundur Benidiktsson Í eyði.	

Víkurbakki 1947, íbúðarhús fastanr. 2156613 landnr. 152181 126,5 m²
 1947, fjós
 1947, fjárhús
 1947, geymsla

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Víkurbakki - 25. Apríl 1834. Eigandi Þorvaldur Árnason. A: Torfbær. Bæjardyr með timburþili og framan og steingólf. Stærð: 2,0 x 1,3 x 2,5 m. B: Við enda bæjardyra er eldhús og baðstofa. Baðstofan er alþiljuð mið þilstafni að sunnan. Eldhúsið einnig afþiljað, með timburgólf. Stærð: 6,5 x 3,5 x 3,0 m. C: Norðan bæjarins er hús úr einfaldri steinsteypu og timburþaki klætt tjörupappa, skipt með timburskilrúni. Timburhólf í nokkrum hluta þess. Notað til geymslu. Stærð: 6,0 x 4,7 x 3,5 m. Frá 1. Ágúst 1942 er vátryggir hús í smíðum.



Víkurbakki – okt. 1942. Eigandi Þorvaldur Árnason og seinna Baldur Jónsson. Íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu, kjallari, ein hæð og ris. Kjallari í fjórum hólfum, notaður til geymslu. Á hæðinni er forstofa, eldhús, stofa og þrjú svefnherbergi. Stærð: 8,6 x 6,8 x 6,0 m. Endurmetið 1960 og aftur 1977.



Fasteignarmat 1940

Eigandi og ábúandi er Þorvaldur Árnason. Tún 1,0 hestburðir, jarðvegur leirborinn. Töðufall 5 síðustu ára um 30 hestburðir. Áhofn 1 kýr, 8 kindur. Fólk og hestaflí við heyskap er 1 karl, i kona og 1 hestar í mánuð. Fjöldi fólks á heimili er 8 manns.

Stutt saga húss.

Um aldamótin 1900 voru reistir tveir bærir við Selárvíkina sunnanverða, Ytri-Vík og Víkurbakki. Bærirnir standa á sjávarbakka og hafa verið í daglegu tali kallaðir Víkurbærir eða á Víkum. Húsið Víkurbakki er sunnan Ytri-Víkur og stendur þar frammi við sjóinn. Á sömu jörð er einnig húsið Sólbakki. Þorvaldur Árnason (1900-1988) og kona hans Sigríður Björnsdóttir (1903-1984) eignuðust smábýlið Víkurbakka 1926. Þau byggðu íbúðarhús úr tvöfaldri steinsteypu á kjallari, ein hæð og ris. Kjallari í fjórum hólfum, notaður til geymslu. Á hæðinni er forstofa, eldhús, stofa og þrjú svefnherbergi. Þorvaldur og Sigríður bjuggu í Víkurbakki til 1958 en þá fór býlið í eyði. Helgi Hallgrímsson (1935) og kona hans Kristbjörg Gestsdóttir (1933-2008) keypti ásamt fleirum Víkurbakka og Sólbakka 1966. Hóf Helgi rannsóknir varðandi náttúrufræði og með honum frá 1969 Guðmundur Páll Ólafsson (1941-2012). Þeir stofnuðu ásamt Sveini bónda í Kálfskinni



rannsóknarstöð til almennra náttúrufræðirannsókna 1970, og var hún um tíma eigandi jarðarinnar Ytri-Víkur. Eftir að Helgi hætti rekstri rannsóknarstöðvarinnar 1976 og flutti til Akureyrar lagðist að búseta í Víkurbakka. Núverandi eigandi er Haukur Haraldsson á Akureyri, og nýtir hann húsin sem sumarhús.

Athugasemdir um húsið:

Víkurbakka hefur verið haldið vel við. Skipt hefur verið um nokkra glugga en þeim ekki breytt.

Athugasemdir um umhverfi húss:

Sunnan við húsið stendur gamalt grenitré sem ber vott um að þarna getur verið hart að búa. Sunnan íbúðarhúsið er smáhýsi úr timbri sem notað er sem gestahús. Vestan húss hefur verið komið fyrir stórum sólpalli með heitum potti. Umhverfis pallinn er skjólveggur úr timbri.

Eigenda og íbúaskrá		
Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1926-1958	Þorvaldur Árnason Sigríður Þóra Björnsdóttir	Reinald (1925) Hermína (1926) Ægir (1928) Hákon (1930) Baldvina (1931) Anna Björg (1934) Björgvin (1939) Alda (1942) Árni Anton (1948)
1957-1958	Linda Wilhelmsen (Danmörku)	
1958-1967	Í eyði	
1967-1976	Helgi Hallgrímsson Ninna Kristbjörg Gestsdóttir	Björk Þorgrímsdóttir (1953) Hallgrímur (1958) Gestur (1960)
1967-1976	Björk Þorgrímsdóttir	?? Kristjánsson (1969)
1969-1970	Guðmundur Páll Ólafsson	?? Guðmundsdóttir (1970)
Frá 1976	Í eyði.	
1980 og enn	Haukur Haraldsson	

Sólbakki 1933, sumarhús

fastanr. 2156492

landnr.152162

40,00 m²

Virðingarbók Brunabótafélags Íslands (frá árinu 1934 – 1945)

Sólbakki - 24. apríl 1934. Eigandi Július Norðmann. Íbúðarhús byggt 1933 úr einfaldri steinsteypu, þak úr timbri og ikopalpappa. Einn reykháfur, eldavél og ofn til upphitunar og steinolía til ljósa. Klætt að innan með þilvið, striga og veggfóðri. Ein hæð, með háu risi. Á hæðinni eru tvö herbergi ásamt eldhúsi og geymslu. Stærð: 6,6 x 5,0 x 5,5 m. Gluggar og dyr í meðallagi. Í húsinu er vatnsleiðsla. Til næstu húsa eru 150 m.

Fasteignarmat 1940

Eigandi Július Norðmann, eignarlóð 2/3 ha. Lóðin er nýtt fyrir íbúðarhús og uppsátur. Íbúðarhús byggt 1933 úr steinsteypu, ein hæð með háu risi, þak timbur og pappaklætt. Tvö herbergi, eldhús og geymsla á aðalhæð. Í risi eitt herbergi. einn reykháfur. Stærð: 6,6 x 5,0 x 5,0 m. Þó landið hafi stærð til að teljast smábýli, eru ekki líkur til það verði tekið til ræktunar á næstu árum.



Stutt saga húss.

Rétt sunnan og neðan við Víkurbakkabæinn er húsið Sólbakki. Það var Július Norðmann sem byggði íbúðarhús 1933 úr einfaldri steinsteypu, þak úr timbri og ikopalpappa. Einn reykháfur. Klætt að innan með þilvið, striga og veggfóðri. Ein hæð, með háu risi. Á hæðinni eru tvö herbergi ásamt eldhúsi og geymslu. Stærð: 6,6 x 5,0 x 5,5 m. Gluggar og dyr í meðallagi. Núverandi eigandi er Ingibjörg Kristín Jakobsdóttir ekkja Guðmundar Páls Ólafssonar.

Athugasemd um húsið:

Húsið hefur aldrei verið múrað að utan né heldur málað. Útveggirnir eru þar að leiðandi mjög veðraðir. Einhvertímann fyrir löngu hefur verið sett bárujárn á þakið og það málað. Þakjárnið er nú talsvert ryðgað. Skipt hefur verið um glugga í húsinu og settir gamlir gluggar með krosspóstum í stað þeirra sem voru, en þeir voru illa farnir þegar þeir voru fjarlægðir. Hurð sem var nyrst á austurhlið hússins hefur verið fjarægð og í staðinn hefur verið settur gluggi.



Athugasemd um umhverfi húss:

Húsið stendur eitt og eyðilegt án garðs á berangri.

Eigenda og íbúaskrá

Tímabil	Eigendur, íbúar	Börn
1931-1969	Július Norðmann	
194?-194?	Jónas Guðlaugur Frímannsson Helga Björnsdóttir	Hulda (1938)

1969-

Í eyði

Guðmundur Páll Ólafsson